



Áherslur í samstarfi leik- og grunnskóla í tveimur bæjarfélögum

Lára Dóra Valdimarsdóttir

Júní 2018

Lokaverkefni til M.Ed.-prófs

Kennaradeild



HÁSKÓLI ÍSLANDS
MENNTAVÍSINDASVIÐ

Áherslur í samstarfi leik- og grunnskóla í tveimur bæjarfélögum

Lára Dóra Valdimarsdóttir

Lokaverkefni til M.Ed.-prófs í leikskólakennarafræði

Leiðbeinundir Kristín Karlsdóttir

Sara Margrét Ólafsdóttir

Kennslu- og menntunarfræði
Menntavísindasvið Háskóla Íslands
Júní 2018

Áherslur í samstarfi leik- og grunnskóla í tveimur bæjarfélögum

Ritgerð þessi er 30 eininga lokaverkefni til meistaraþrófs
í leikskólakennarafræði við kennslu- og menntunarfæðideild,
Menntavísindasviði Háskóla Íslands

© 2018 Lára Dóra Valdimarsdóttir

Lokaverkefni má ekki afrita né dreifa rafrænt nema með leyfi höfundar.

Formáli

Ritgerð þessi er 30 ECTS eininga meistaraþrófsverkefni til fullnaðar M.Ed.-. gráðu í leikskólakennarafræðum við menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Vinna við verkefnið hófst haustið 2017 og er það eigindleg tilviksrannsókn þar sem samstarf tveggja leik- og grunnskóla var skoðað í tveimur bæjarfélögum. Til þess að afla gagna voru tekin viðtöl við sjö einstaklinga; fjóra leikskólakennara í jafnmörgum skólum og þrjá grunnskólakennara sem störfuðu hver í sínum skóla.

Leiðbeinendur mínir voru Kristín Karlsdóttir, lektor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands og Sara Margrét Ólafsdóttir doktorsnemi. Ég vil færa þeim innilegar þakkir fyrir góðar ábendingar, uppbyggilega leiðsögn, hvatningu og samstarf.

Ég vil þakka skólastjórum leik- og grunnskólanna fyrir að samþykkja þátttöku sína í gerð þessarar rannsóknar. Viðmælendur mínir fá bestu þakkir fyrir skemmtileg viðtöl þar sem margt áhugavert kom fram. Án þeirra hefði þetta verkefni ekki orðið að veruleika.

Ég vil líka þakka eiginmanni mínum Hannesi Marinó fyrir þolinmæði og ómetanlega hvatningu síðastliðin ár, og börnunum okkar Önnu Þóru, Ellert Lár og Jóhanni Lár þakka ég fyrir þolinmæði og umburðarlyndi meðan á verkefninu stóð. Einnig vil ég þakka móður minni Rósu Halldórsdóttur fyrir alla hjálpina og að endingu þakka ég samstarfsfólki mínu á Garðaseli sérstaklega Ingunni Þóru Rikharðsdóttur leikskólastjóra sem hefur hvatt mig áfram í náminu og gefið mér allt það svigrúm sem ég hef þurft á því að halda meðan á námi mínu stóð.

Þetta lokaverkefni er samið af mér undirritaðri. Ég hef kynnt mér *Vísindasiðareglur Háskóla Íslands*. Ég hef gætt viðmiða um siðferði í rannsóknnum og fyllstu ráðvæðni í öflun og miðlun upplýsinga, og túlkun niðurstaðna. Ég vísa til alls efnis sem ég hef sótt til annarra eða fyrri eigin verka, hvort sem um er að ræða ábendingar, myndir, efni eða orðalag. Ég þakka öllum sem lagt hafa mér lið með einum eða öðrum hætti en ber sjálf ábyrgð á því sem missagt kann að vera. Þetta staðfesti ég með undirskrift minni.

Akranesi, 2. maí 2018

Lára Dóra Valdimarsdóttir

Ágrip

Nú til dags reyna skólasamfélögin að auðvelða börnum flutning á milli leik- og grunnskóla. Í Aðalnámskrá skólastiganna er lögð áhersla á að samstarf sé á milli skólastiga og að leikskólabörn eigi að fá að kynna skólaumhverfinu og því starfi sem unnið er í grunnskólanum. Mikilvægt er að nemendur í fyrsta bekk í grunnskóla fái einnig að viðhalda góðum tengslum við leikskólann. Það er því mikilvægt að bæjarfélög skipuleggi vel samstarf milli skólastiga. Markmið rannsóknarinnar er að leita eftir svári við því hvernig samstarfi milli leik- og grunnskóla í tveimur bæjarfélögum er háttað. Með því verður einnig skoðað hver eru viðhorf starfsfólks til samstarfsins og hver er framtíðarsýn starfsfólks á samstarf milli leik- og grunnskóla.

Þátttakendur í rannsókninni voru fjórir leikskólakennarar sem unnu með elstu börnum í fjórum leikskólum og þrjár grunnskólakennarar í þremur grunnskólum sem unnu með börnum í 1. bekk. Rannsóknin var eigindleg. Farið var á vinnustaði þátttakenda og tekin við þá opin viðtöl. Einnig voru skólanámskrár sveitarfélaganna skoðaðar.

Þegar niðurstöðurnar eru skoðaðar má sjá að margt er gert til þess að stuðla að samstarfi milli leikskóla og grunnskóla í tveimur bæjarfélögum. Viðmælendur voru allir sammála um mikilvægi þess að vel væri staðið að samstarfi og töldu að það skipulag sem unnið væri með í dag hentaði vel báðum skólastigunum. Í bæjarfélögunum er stöðugt verið að meta og þróa skipulagið sem unnið er eftir til þess að leik- og grunnskólakennarar og þeir sem taka þátt í samstarfinu verði ánægðir með það sem gert er. Leikskólakennararnir töldu þó að grunnskólakennarar gætu nýtt sér betur þá þekkingu sem unnið er með í leikskólum. Grunnskólakennarar í einu bæjarfélaginu töldu að auka mætti heimsóknir grunnskólabarna í gamla leikskólann sinn þar sem þeim fannst börnin vera að fjarlægast hann þó að stutt væri síðan þau útskrifuðust úr leikskólanum. Allir viðmælendur voru á þeirri skoðun að börnin kæmu öruggari inn í grunnskólann og það hjálpi þeim mikið að hafa verið í skólaheimsóknum. Þannig þekki þau umhverfið vel við upphaf skólagöngunnar og eru einnig farin að þekkja kennara sem starfa við skólann. Til þess að gera samstarfið enn betra mættu ef til vill vera meiri samræður á milli skólastiga.

Abstract

Emphases on co-operation between preschools and primary schools in two towns

Nowadays, school communities try to facilitate children's transfer between preschools and primary schools. The Icelandic national curriculum emphasizes on co-operation between school levels and that pre-schoolers should get to know the environment and the work done in primary schools. It is important that pupils in the first grade of primary schools also maintain good relationship with the preschool. It is therefore important for municipalities to organize good co-operation between school levels. The aim of this research is to gain a better knowledge of the way in which co-operation between preschool and primary schools in two towns is conducted. It will also observe the opinions of staff to the co-operation and the staffs vision on co-operation between preschools and primary schools in the future.

Participants in the study were four preschool teachers who worked with the oldest children in four preschools and three primary school teachers in three primary schools who worked with children in the 1st grade. The study was qualitative. Participants' were visited in their workplaces and interviewed. Municipal school curricula were also examined.

When looking at the results, it is obvious that much is done to promote co-operation between preschools and primary schools in the two towns. The interviewees all agreed on the importance of having a successful co-operation and felt that the organization that is in place today fits both levels of education well. The municipalities are constantly evaluating and developing the organization that is in place to make everyone happy with what is being done. Preschool teachers, however, believed that primary school teachers could take more advantage of the knowledge gained in preschools. In one community, primary school teachers thought primary school children should visit their old preschool more often, as they thought the children tended to soon forget their school shortly after they graduated from it. All interviewees had the opinion that the school visits helped preschool children a great deal and that the children were more comfortable when starting primary school, having visited the school before. That way, they know the environment well at the beginning of primary school life and are also familiar with teachers working at the school. To make the co-operation even better, more dialogue between school levels may be needed.

Efnisyfirlit

Formáli	3
Ágrip	5
Abstract	6
Efnisyfirlit	7
Töfluskra	10
1 Inngangur	11
1.1 Samstarfið	12
1.2 Hugtök	12
1.3 Markmið	13
1.4 Uppbygging ritgerðar	14
2 Fræðileg umfjöllun	15
2.1 Saga leik- og grunnskóla.....	15
2.1.1 Aðalnámskra leikskóla.....	16
2.1.2 Aðalnámskra grunnskóla	17
2.1.3 Skólastefna sveitarfélaga.....	19
2.2 Tengsl leikskóla og grunnskóla	19
2.2.1 Ólík sýn á nám barna	20
2.2.2 Mismunandi námsleiðir í leik- og grunnskólum.....	21
2.3 Þáttaskil.....	22
2.3.1 Samfella í námi barna.....	24
2.3.2 Upplifun kennara af þátttöku í skólasamstarfi.....	25
2.3.3 Upplifun barna	26
2.3.4 Viðhorf foreldra	27
2.4 Samantekt	28
3 Framkvæmd á rannsókn	30
3.1 Rannsóknin	30
3.2 Þátttakendur.....	31
3.3. Gagnaöflun	31
3.4 Gagnagreining.....	32
3.5 Siðferði	33
3.6 Trúverðugleiki.....	33
3.7 Samantekt	34

4	Niðurstöður	35
4.1	Andabær.....	35
4.1.1	Upphaf samstarfsins í Andabæ.....	35
4.1.2	Samstarfið.....	37
4.1.3	Áhrif á samstarfið.....	38
4.1.4	Upplifun barna af samfelli að mati viðmælenda	38
4.1.5	Upplýsingaflæði	40
4.1.6	Framtíðarsýn.....	41
4.2	Starfsfólk leikskólanna í Andabæ.....	43
4.2.1	Fyrirkomulag á samstarfinu	43
4.2.2	Praktískar lausnir.....	44
4.2.3	Upplifun barna að mati viðmælenda	44
4.2.4	Upplýsingaflæði	45
4.3	Hvernig lítur starfsfólk leikskóla til framtíðar.....	46
4.3.1	Ánægja á meðal starfsmanna leik- og grunnskóla.....	47
4.3.2	Þátttaka foreldra	48
4.3.3	Hugtakið Samfella að mati viðmælenda leik- og grunnskóla	49
4.4	Baunabær	50
4.4.1	Samstarfið.....	51
4.4.2	Áhrif á samstarfið.....	53
4.4.3	Upplifun barna að mati grunnskólakennara.....	54
4.4.5	Upplýsingaflæði	55
4.4.6	Framtíðarsýn.....	55
4.5	Leikskólarnir	56
4.5.1	Praktískar lausnir.....	56
4.5.2	Upplifun barna að mati viðmælenda	57
4.5.3	Upplýsingaflæði á milli skólastiga.....	57
4.5.4	Þátttaka foreldra	58
4.5.5	Framtíðarsýn.....	59
4.6	Ánægja meðal starfsmanna.....	59
4.6.1	Samfella	60
4.7	Samantekt.....	60
5	Umræða.....	62
5.1	Samstarfið	62

5.2	Upplifun barna að mati viðmælenda.....	64
5.3	Upplýsingaflæði	66
5.3	Ánægja	67
5.4	Framtíðarsýn.....	68
5.5	Hugtakið samfella	68
5.6	Samantekt	69
6	Lokaorð.....	70
	Heimildaskrá.....	71
	Viðauki A: Kynning á rannsókn og upplýst samþykki.....	76
	Viðauki Á: Spurningalisti sem notaður verður til viðmiðunar í viðtölunum	77

Töfluskra

Tafla 1. Nöfn bæjarfélaga, skóla og viðmælenda	311
Tafla 2. Skipulag samstarfs í Andabæ	377
Tafla 3. Skipulag samstarfs í Baunabæ	532

1 Inngangur

Viðfangsefni þessarar rannsóknar er hvernig samstarfi milli leik- og grunnskóla í tveimur bæjarfélögum er háttað. Tilgangurinn er því að reyna varpa ljósi á það hvað bæjarfélögin gera til þess að stuðla að samstarfi og hvernig starfsfólk skólanna upplifir samstarfið.

Í umhverfi okkar sem störfum í leikskóla hefur mikið verið talað um samfellu milli leik- og grunnskóla og hversu mikilvægt það er fyrir börn að þekkja það umhverfi sem tekur við þeim þegar þau ljúka leikskólagöngunni. Það er mikilvægt að fyrsta upplifun barna í grunnskólabyrjun verði jákvæð, þannig má ef til vill efla sjálfstraust þeirra á nýjum stað. Það er því hlutverk okkar leik- og grunnskólakennara að leggja áherslu á samstarf og samskipti á milli skólastiga til þess eins að auka þekkingu hvors annars á skólastigunum (Mennta og menningarmálaráðuneyti, 2011). Jafnframt þarf að gæta þess að foreldrar taki þátt í undirbúningsferli barnsins til þess að geta stutt barnið sitt eins vel og kostur er og að allir sem koma að barninu séu að róa á sömu mið.

Árið 2011 var gefin út sameiginlegur hluti aðalnámskrár fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla þar sem meðal annars er kveðið á um það að skólum og starfsmönnum beri að fylgja ákvæðum hennar við það að skipuleggja skólastarf. Með því á að tryggja börnum og ungmönnum góðar aðstæður til náms í samræmi við menntastefnu og gildandi lög. Með nýju aðalnámskránni kemur einnig fram að tryggja eigi samfellu milli skólastiga (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2011). Mikilvægt er að skipuleggja samstarfið vel og því þurfa aðilar innan skólasamfélagsins að fá tækifæri til þess að ræða saman og komast að niðurstöðu um hvernig standa eigi að samstarfinu. Það eru því hagsmunir fyrir sveitarfélagið að tryggja starfsfólki skólanna tíma til þess að ræða saman svo að skólaskilin séu farsæl fyrir öll börn. Þegar hópur af fagaðilum kemur saman gæti verið gott að einn úr hópnum tæki að sér að vera verkefnastjóri til þess að fá hópinn til að vinna að settum markmiðum felast í samstarfi milli skólastiga. Einnig þarf að ríkja traust á milli hópsins þannig að hópurinn geti verið gagnrýnin á viðfangsefnið. Því er mikilvægt að þeir sem eru í hópnum beri traust til hvors annars en til þess þarf að vera gagnkvæm virðing milli einstaklinga (Haukur Ingi Jónasson og Helgi Þór Ingason, 2012).

Rannsóknir hafa verið gerðar á samfellu milli leik- og grunnskóla hér á Íslandi. Nefna má Jóhönnu Einarsdóttur sem hefur gert fjölda rannsókna ein og í samstarfi með öðrum og Gerði G. Óskarsdóttur sem gerði víðamikla rannsókn um skil milli skólastiga og gaf í framhaldi út bók sem fjallar um þá rannsókn.

1.1 Samstarfið

Árið 2012 ákvað ég að breyta um starfsvettvang og fór að vinna í leikskóla. Í kjölfarið skráði ég mig í nám í Háskóla Íslands til þess að fá leyfisbréf sem leikskólakennari með heimild til kennslu yngri barna í grunnskóla. Samhliða náminu hélt ég áfram að vinna og gat því tengt fræðin sem kennd hafa verið í náminu við starf mitt.

Þar sem ég hef farið í vettvangsnám bæði í leik- og grunnskóla og hef í starfi mínu fylgt börnum eftir í skólaheimsóknum kviknaði áhugi minn á því að skoða hvernig samstarf er háttað og hvert er viðhorf kennara sé til að styðja við samfellu milli leik- og grunnskóla. Það er afar mikilvægt að vel sé staðið að samstarfinu og mikilvægt að upplifun bæði starfsfólks og barna sé ánægjuleg því þetta eru stór tímamót í lífi hvers barns og fjölskyldu þess.

Þetta verkefni varð fyrir valinu því ég hef mikinn áhuga á báðum skólastigum. Mér fannst því kjörið að kanna hvernig staðið er að samstarfi milli leik- og grunnskóla í mínu nærsamfélagi. Fram kemur í aðalnámskrá leik- og grunnskóla að skólaganga barna á að mynda samfellda heild þannig að nám og reynsla barna úr leikskólanum nýtist þeim í grunnskólanum (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2011).

Á Andabæ hefur í langan tíma verið notuð sama aðferð sem heitir Brúum bilið og langaði mig að vita hvort að almenn ánægja væri með þá aðferð eða hvort að fagaðilar í skólunum vilji sjá einhverja breytingu þar á. Einnig vildi ég með rannsókninni fá innsýn frá öðrum skólum og sjá hvort það væri eitthvað sem skólar í heimabyggð minni gætu nýtt sér til þess að bæta samstarf milli leik- og grunnskóla bæjarins. Einnig geta þátttakendur í rannsókn þessari nýtt sér niðurstöður þessa rannsóknar og leik- og grunnskólar sem vilja nýta sér viðfangsefnið til þess að byggja upp og að þróa samstarf á milli skólastiga. Ég veit ekki til þess að unnið hafi verið að rannsókn á því hvernig er stutt við samfellu milli leik- og grunnskóla í mínu kjördæmi og því langar mig að skoða þær aðferðir sem notaðar eru og hvernig og hvort ólíkar leiðir séu notaðar. Ég tel að alltaf sé hægt að bæta samstarf á milli skólastiga og langar því að afla mér upplýsinga og sjá hvernig er staðið er að þessu á fleirum en einum stað. Síðan get ég miðlað niðurstöðum úr rannsókn minni til skólasamfélagsins í mínu bæjarfélagi í þeim tilgangi að hægt sé bæta enn fremur það samstarf sem nú þegar er.

1.2 Hugtök

Í þessari rannsókn er meginhugtak hennar orðið samfella (e. continuity) en útskýra má samfellu sem órofnu heild að einhverju tagi (Kristín Bjarnardóttir, 2002). Í bók Gerðar G. Óskarsdóttur (2012) kemur fram að umræða um samfellu í námi vísar jafnan til tveggja reynsluheima. Ef um samfellu er að ræða eru þessar tveir heimar líkir á einhvern hátt. Samfella hefur einnig verið skilgreind sem flæði á milli hugmyndafræði kennara,

kennsluáðferða og viðhorfi kennara og stjórnenda. Því þarf menntakerfið að mynda samfellda heild, námskrá leik- og grunnskóla á að vera sambærileg og góð tengsl eigi að vera á milli skólastiganna (Peters, 2000). Annað hugtak sem notað verður í ritgerðinni er hugtakið þáttaskil (transition) en hugtakið vísar til þeirra breytinga sem verða í lífi hvers einstaklings til dæmis við það að fara úr leikskóla í grunnskóla (Dockett og Perry, 2007) Einnig hefur verið bent á að þáttaskil verða í lífi hvers einstaklings og fjölskyldna forráðamanna þeirra. Almennt ganga allir í gegnum einhverskonar þáttaskil á lífsleiðinni hvort sem það er að fara á milli skólastiga, hefja þátttöku í atvinnulífinu, stofna fjölskyldu eða jafnvel að fara á eftirlaun (Gerður G. Óskársdóttir, 2012). Í rannsókn þessari verða hugtökin flutningur og yfirfærsla einnig notuð yfir þáttaskil það er að segja um þær breytingar sem verða í lífi barna þegar þau fara úr leikskóla í grunnskóla.

1.3 Markmið

Markmið þessara rannsóknar er að varpa ljósi á það hvernig er samstarfi sé háttað milli leik- og grunnskóla í tveimur bæjarfélögum. Safnað verður upplýsingum um þær aðferðir sem notaðar eru á hverjum stað og hver kemur að því að skipuleggja samstarfið. Rannsakandi fór og hitti starfsfólk beggja skólastiga og leitaði eftir sýn þeirra á það sem gert er og hvort það sé eitthvað í samstarfinu sem þau myndu vilja sjá að gert yrði á annan hátt. Rannsókn þessi er eigindleg rannsókn með hálfopnum einstaklingsviðtölum og skólanámskrár skólanna eru einnig nýttar til þess að varpa ljósi á það sem kemur þar fram um samstarfið sem á að vera á milli skólastiga. Mín ósk er sú að með verkefni sem þessu geti skólasamfélög nýtt sér þá reynslu og þekkingu sem fram kemur og jafnframt notað hana til þess að skipuleggja samstarf skóla í framtíðinni.

Í ritgerðinni er farið yfir sögu leikskóla og grunnskóla, og hvað kemur fram í aðalnámskrá skólastiganna um það samstarf sem á að vera á milli þessara tveggja skólastiga og þau lög sem sett hafa verið til að mynda þessa brú sem á að vera á milli leik- og grunnskóla. Von mín er sú að með þessari rannsókn verði þátttakendur samstarfsins minntir á mikilvægi þess að starfsfólk skóla kynni sér starf hvers annars og byggi upp meira samstarf og samræðu á milli fagaðila. Það er afar mikilvægt er að lögð sé áhersla á samstarfið á milli skólastiganna því það er nauðsynlegt fyrir leikskólabörnin að fá tækifæri til þess að kynnast grunnskólanum og umhverfi þess og að grunnskólanemendur fái fleiri tækifæri til þess að heimsækja leikskólanna. Samstarfið byggist á okkur kennurunum sem stöfum í skólum landsins. Því skiptir viðhorf kennara miklu máli og því verða þeir að hafa velferð nemenda sinna að leiðarljósi og gera sitt allra besta til þess að gott samstarf sé á milli skólastiganna.

Í þessari rannsókn er lagt upp með eina rannsóknarspurningu. Hún hljómar svo:

- Hvernig er samstarf milli leik- og grunnskóla í tveimur bæjarfélögum háttað?

Notast var við tvær undirspurningar og þær hljóða svo:

- Hver eru viðhorf starfsfólks til samstarfsins?
- Hver eru framtíðarsýn starfsfólks af samfellu?

1.4 Uppbygging ritgerðar

Þessi ritgerð samanstendur af sex köflum en auk þess er formáli, ágríp, heimildaskrá og viðaukar. Fyrsti kafli er inngangskafli þar sem rannsókn þessi er kynnt ásamt markmiði hennar og hvers vegna var valið að gera þessa rannsókn. Í kafla tvö er gerð grein fyrir fræðilegu samhengi við rannsókn þessa. Í þriðja kafla er gerð grein fyrir þeirri aðferðafræði sem notuð var við gerð þessarar rannsóknar ásamt því að gerð er grein fyrir gagnaöflun og greiningu á gögnunum. Einnig verður sagt frá siðferði rannsóknarinnar og trúveruleika. Í fjórða kafla verður greint frá niðurstöðum rannsóknarinnar þar sem svör viðmælenda koma fram. Í fimmta kafla verða niðurstöður settar fram í fræðilegu samhengi. Í Sjötta kafla eru lokaorð. Í framhaldi er viðauki þar sem finna má þær heimildir sem notaðar hafa verið í rannsókn þessari og einnig er í viðauka kynnisbréf á rannsókn sem viðmælendur kvittuðu undir til þess að samþykkja þátttöku í rannsókninni og þar fyrir aftan má finna viðtalsramma sem stuðst var við þegar viðtöl voru tekin við viðmælendur.

2 Fræðileg umfjöllun

Í þessum kafla verður fjallað um upphaf leik- og grunnskólagöngu barna og þær breytingar sem átt hafa sér stað síðustu ár. Kannað verður hvað kemur fram í aðalnámskrá leik- og grunnskóla sem kom út árið 2011 og hvað kemur fram í henni um samstarf og samfellu í námi barna og hvað lög og reglugerðir segja til um það. Vitnað verður í nokkrar rannsóknir sem skoðaðar hafa verið fyrir verkefni þetta. Rýnt verður í kenningar heimspekingsins John Dewey þar sem hægt er að tengja þær við nám barna. Sagt verður frá því hvernig þroskasálfræðingurinn Bronfenbrenner lýsir þróun náms barna út frá reynslu barna og hvernig nærumhverfið hefur áhrif á reynslu þeirra.

2.1 Saga leik- og grunnskóla

Á undanförunum árum hefur leikskólaganga barna breyst mikið og flest börn dvelja nú á leikskóla stóran hluta dagsins. Á vef Hagstofu Íslands má lesa að í desember 2016 sóttu leikskóla alls 19.090 börn sem er fækkun um 272 nemendur frá árinu áður en sú fækkun stafar af fámennari árgöngum. Því má segja að börn séu ekki að stíga sín fyrstu skref í skólagöngu við upphaf grunnskólagöngunnar því flest hafa þau verið í þrjú til fjögur ár í leikskóla (Jóhanna Einarsdóttir, 2013).

Árið 1924 stofnaði Barnavinafélagið Sumargjöf fyrsta dagheimilið á Íslandi sem var félagslegt úrræði fyrir börn sem bjuggu við fátækt. Þar var lögð áhersla á að veita börnunum hlýju, hreinlæti og holla næringu. Árið 1931 ákvað félagið að stofna fyrsta leikskólann, en þangað sóttu aðallega börn menntaðra foreldra sem þekktu leikskóla frá öðrum löndum. Með opnum leikskóla var komið til móts við aukna þátttöku kvenna á vinnumarkaðnum og einnig átti þetta að vera viðbót við góð heimili (Jóhanna Einarsdóttir, 2007). Það var svo árið 1973 að samþykkt voru lög um að ríkið ætti hlutdeild í því að hefja byggingu og sjá um rekstur dagvistunarheimila á Íslandi. Árið 1991 tóku leikskólar við af dagheimilum og dagvistarheimilum og sáu því um uppeldi og menntun barna (Jóhanna Einarsdóttir, 2007). Árið 1981 samþykkti Alþingi lög um að gerð yrði námskrá þar sem fram ætti að koma markmið og leiðir í uppeldisstarfi í leikskólunum. Leikskólinn fékk sína fyrstu aðalnámskrá árið 1985 og var skilgreindur sem fyrsta skólastigið árið 1994. Leikskólar hafa frá upphafi verið á ábyrgð sveitarfélaga og hafa þeir því séð um rekstur þeirra. Rekstur grunnskóla var einnig fluttur frá ríki til sveitarfélaga árið 1996.

Breytingar hafa orðið á kennslu yngri barna í grunnskólum en á árum áður var lögð áhersla á að börn yrðu læs og skrifandi. Í lögum frá árinu 1936 um fræðslu barna var ekki fjallað um nám og kennslu yngstu barnanna heldur að þegar börn myndu ná 10 ára aldri skildu þau geta skrifað, lesið og reiknað. Árið 1974 voru gerðar breytingar þar sem

grunnskólinn átti að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðislegu þjóðfélagi, leggja grundvöll að sjálfstæðri hugsun nemenda, leitast við að haga störfum sínum í samræmi við eðli og þarfir hvers einstaklings og þjálfra hæfni þeirra til samstarf við aðra. (Jóhanna Einarsdóttir, 2013).

Árið 1970 hófu 6 ára börn í flestum skólum í Reykjavík skólagöngu þótt ekki hefði verið skólaskylda á þessum tíma en þau börn sem sóttu skólann voru þar einungis í tvær kennslustundir á dag. Meginmarkmið með kennslunni var að jafna námsaðstöðu allra barna, temja þeim að hlíða almennum skólareglum, að þau myndu læra að umgangast jafnaldra sína, lúta aga viðfangsefnisins og stjórn kennarans. Menntamálaráðuneytið óskaði eftir úttekt þegar tíu ár voru liðin frá því að byrjað var með kennslu 6 ára barna og eftir gerð hennar voru gerðar tillögur um aðgerðir og mörkuð stefnu fyrir næstu ár. Upp frá þessu urðu miklar breytingar og árið 1991 var fyrsti bekkur skólaskylda. Með þessum breytingum varð skóladagurinn lengri þar sem börn dvöldu í skólanum að meðaltali um sex klukkustundir á dag, fyrir utan skóladagvist (Jóhanna Einarsdóttir, 2007).

Leik- og grunnskólar byggja á ólíkum uppeldis- og kennslufræðilegum hefðum, menning þeirra er ólík og einnig umgjörð þeirra. Leikskólar eru heldur minni stofnanir þó oft séu fleiri börn á deild heldur en í bekk í grunnskóla. Í leikskólunum eru samt sem áður færri börn á hvern starfsmann heldur en í grunnskólunum (Jóhanna Einarsdóttir, 2007). Einnig má sjá mun á leik- og grunnskólum þar sem skólaskylda er í grunnskóla landsins en ekki í leikskóla. Nám barna er líka ólíkt milli skólastiga og er lögð meiri áhersla á nám í gegnum leik í leikskólanum en í grunnskólanum er meira um formlegt nám.

Með hverju ári sem líður má sjá einhverjar breytingar á skólakerfinu. Árið 2008 fengu til dæmis sveitarfélög leyfi til þess að reka í sama húsnæði leik- og grunnskóla og nokkrir skólar hafa upp frá því prófað að starfa með bæði skólastigin saman með einum skólastjóra.

2.1.1 Aðalnámskrá leikskóla

Árið 2011 gaf mennta- og menningarmálaráðuneytið út aðalnámskrá fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla og eru sameiginlegir inngangaskaflar fyrir öll skólastigin. Einnig hafa verið gefin út sex grunnþáttahefti sem tilheyra öllum skólastigunum en heftin fjalla um læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun. Með þessum grunnþáttum er lögð áhersla á að rækta með markvissum hætti þá leikni, þekkingu og viðhorf sem styrkir getu hvers einstaklings í komandi framtíð til þess að verða gagnrýnnir, virkur og hæfur þátttakandi í jafnréttis- og lýðræðissamfélagi (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2011).

Fram kemur í aðalnámskrá leikskóla að skólaganga barna skuli mynda samfella heild þar sem bæði reynsla og nám úr fyrri skólastigum nýtist þeim áfram á næsta skólastigi. Börn

þurfa að finna til öryggis og til þess að geta nýtt þau námstækifæri sem bjóðast. Því má ætla að sú kunnátta sem börnin hafa öðlast í leikskólanum ætti að nýtast þeim í áframhaldandi námi í grunnskólanum. Til þess að flutningurinn úr leikskólanum yfir í grunnskólann eigi að vera farsæll þarf að undirbúa ferlið vel. Börnin eiga að fá tækifæri til þess að kynnst grunnskólaumhverfinu og því starfi sem þar er unnið, einnig þarf að viðhalda tenglum við leikskólann eftir að börnin eru byrjuð í grunnskóla (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2011).

Þegar börn hefja grunnskólagöngu er gert ráð fyrir að upplýsingar um þau fylgi þeim frá leikskólanum. Með því er hægt að tryggja þeim áframhaldandi kennslu sem byggist á fyrra námi og reynslu en með því að láta gögnin fylgja má tryggja velferð þeirra og þroska.

Foreldrar eru einnig mikilvægir tengiliðir á milli skólastiganna og geta veitt grunnskólanum upplýsingar um börnin sín og þeirra leikskólagöngu. Leikskólinn á að veita foreldrunum vitneskju um þau gögn sem hann lætur grunnskólann fá og eiga foreldrarnir að geta brugðist við þeim. Börnin eiga að fá tækifæri til þess að segja sín sjónarmið um þau gögn (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2011).

Einnig kemur fram í aðalnámskrá leikskóla að tengsl leik- og grunnskóla er samstarfsverkefni þar sem aðalmarkmið er barnið sjálft; velferð þess, menntun og þroski. Í samstarfinu er barnið, foreldrar þess, kennarar og annað starfsfólk leik- og grunnskólans. Til þess að fá sem mest út úr samstarfinu þurfa bæði skólastigin að kynna sér starfshætti hvors annars og það nám sem unnið er að á hverju stigi. Leita þarf leiða til að skipuleggja samstarf og samfellu á milli skólastiganna til þess að efla sjálfstraust barnsins og með því styðja við nám þess. Hver leikskóli þarf að útbúa skólanámskrá og í henni á að koma fram fyrirkomulag og uppbygging samstarfs milli leik- og grunnskóla (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2011).

Aðalnámskrá leikskóla byggir á lögum um leikskóla frá 2008 og í 16. grein kemur fram að sveitarstjórn skuli koma á gagnvirku samstarfi leikskóla og grunnskóla og í skólanámskrá hvers skóla skuli gerð grein fyrir samstarfi milli leikskóla og grunnskóla. Einnig á að lýsa því hvernig standa eigi að færslu barna milli skólastiga. Þar kemur fram að þær upplýsingar séu nauðsynlegar fyrir velferð og aðlögun barnanna og skuli fylgja þeim upp á næsta skólastig (Lög um leikskóla, 2008).

2.1.2 Aðalnámskrá grunnskóla

Í aðalnámskrá grunnskóla kemur fram að með gildistöku laga árið 2008 væri verið að auka svigrúm, sveigjanleika og samfellu á milli leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Grunnskólar þyrftu að geta komið til móts við ólíkar þarfir barna og ættu að leggja áherslu á það. Því þarf grunnskólinn að veita svigrúm við skipulagningar náms.

Sveitarfélögum er skylt samkvæmt lögum um leik- og grunnskóla að koma á samstarfi þar á milli. Í skólanámskrá þarf að gera grein fyrir samstarfinu og hvernig unnið verði að því. Einnig þarf að huga að hvernig skuli staðið að aðlögun barnanna og færslunni á milli skólastiganna. Sú reynsla sem börnin hafa sótt í leikskólanum á að nýtast þeim í grunnskólanum. Því þarf sú hæfni sem börnin hafa aflað sér í leikskólanum að vera grunnur sem námið í grunnskólanum byggist á. Mikilvægt er að gefa leikskólabörnum tækifæri til þess að kynnast grunnskólanum á meðan þau eru enn í leikskólanum og á upphafsvikan í grunnskólanum að vera tímabil aðlögunar og undirbúnings (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2011; 2013).

Upplýsingar um hvert barn eiga alltaf fylgja á milli skólastiga til þess að tryggja því farsælan flutning á milli stiganna. Upplýsingarnar geta til dæmis verið settar fram í ferilmöppu sem börnin hafa sjálf tekið þátt í að gera. Foreldrar eru mikilvægir tengiliðir á milli skólastiganna. Þeir geta miðlað upplýsingum um börn sín og leikskólagöngu þeirra og einnig eiga þau rétt á því að fá að sjá þau gögn sem leikskólinn sendir frá sér til grunnskólans. Í leikskólum fer fram mat á öllum nemendum sem einkum virðist vera nýtt til þess að finna nemendur með sérþarfir (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2011; 2013).

Samstarf skólastiganna byggist á tengslum sem byggist á samstarfsverkefni foreldra og kennara beggja skólastiganna, þar sem lögð er áhersla á velferð barnsins. Leikskólakennarar og grunnskólakennarar þurfa að kynna sér starfshætti á skólastigi hvers annars, bæði hvernig námið fer fram og hvaða aðferðir eru notaðar. Með því geta börnin upplifað samfellu á milli skólastiganna. Til þess þurfa leikskólar og grunnskólar að vinna saman að áætlun sem felur í sér sameiginlegar áherslur beggja skólastiganna samkvæmt aðalnámskrám. Í skólanámskrá hvers skóla á að koma fram hvernig sú áætlun eigi að vera (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2011; 2013).

Aðalnámskrá grunnskóla byggir á lögum um grunnskóla frá 2008. Í 6. grein laganna kemur fram að í hverju sveitarfélagi skuli vera skólanefnd sem fari með málefni grunnskóla eftir því sem lög og reglugerðir kveða á um og sveitarstjórn felur henni. Hlutverk skólanefndar er meðal annars að stuðla að tengslum og samstarfi milli leikskóla og grunnskóla annars vegar og grunnskóla og framhaldsskóla hins vegar (Lög um grunnskóla, 2008).

Það má því segja að lög um leik- og grunnskóla séu með sambærileg meginmarkmið. Báðar þessar stofnanir skulu stefna að því að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi, stuðla að vísýni og umburðarlyndi, efla sjálfstæði, kristilegt siðgæði og samvinnu. Einnig þurfa kennarar skólastiganna að efla alhliða þroska barnanna og vinna með börnin eftir þeirra eðli og þörfum (Jóhanna Einarsdóttir, 2004a).

2.1.3 Skólastefna sveitarfélaga

Samkvæmt lögum ber hverjum skóla að gefa út skólanámskrá. Í henni á að koma fram stefna skólans og þau gildi sem skólinn byggir á. Stefna skólans leggur línurnar fyrir það hvernig staðið er að umbóta- og þróunarstarfi í skólanum. Það er svo í verkahring skólanefndar að fylgja því eftir að hver skóli geri skólanámskrá sem á að vera aðgengileg öllum í skólasamfélaginu og hana á að endurskoða reglulega.

Samkvæmt 5. og 6. grein laga um grunnskóla ber skólanefnd að koma á samstarfi milli leikskóla og grunnskóla og einnig á milli grunnskóla og framhaldsskóla. Samstarf á milli skólastiga á fyrst og fremst að snúa að því hvernig staðið er að færslu og aðlögun nemenda milli skólastiga, tryggja gagnkvæmt flæði upplýsinga á milli þeirra og samfellu í námi (Björk Ólafsdóttir, 2010).

2.2 Tengsl leikskóla og grunnskóla

Mikilvægt er að tengja skólastigin saman og fá starfsfólk skólasamfélagsins til þess að vinna að sameiginlegum markmiðum. Því þarf að finna leiðir sem stuðla að samfellu milli leik- og grunnskóla á sem bestan hátt til að flutningurinn á milli skólastiga verði farsæll. Í greininni Frá leikskóla til grunnskóla eftir Jóhönnu Einarsdóttur (2004a) kemur fram að nokkrar aðferðir hafa verið þróaðar til þess að stuðla að samfellu milli skólastiganna. Eiga þær það flestar sameiginlegt að tengja skólann, fjölskyldur og samfélagið saman til þess að veita nemendum stuðning á þessum merku tímamótum í lífi þeirra. Samkvæmt rannsóknum Jóhönnu Einarsdóttur er aðalatriðið sameiginlegar áherslur og væntingar milli leikskóla og grunnskóla, samskipti og miðlun milli starfsmanna beggja skólastiganna, undirbúningur barna áður en þau byrja í grunnskólanum og einnig eftir að skólagangan hefst. Góð tengsl milli heimila og skóla eru einnig mikilvæg og það að börnin hefji skólagönguna með vinum sínum. Með þessum aðferðum er ætlað að viðbrigðin við það að fara úr leikskóla yfir í grunnskóla verði sem minnst og að börnin þekki hinar nýju aðstæður. Skólinn á að fá upplýsingar um börnin og foreldrarnir eiga að fá upplýsingar um nýja skólann (Jóhanna Einarsdóttir, 2004a).

Tengsl milli skólastiganna hafa töluvert verið rannsökuð. Þær rannsóknir hafa sýnt fram á það að námsgengi barna í grunnskóla fer eftir því hvernig staðið er að samfellu í námi barna. Talið er að þau börn sem upplifa farsælt upphaf á skólagöngu sinni séu líklegri til að líta á skólann sem mikilvægan og líta jákvæðum augum á eigin hæfni til náms og gengi í skóla (Alexander og Entwisle, 1998; Broström, 2005; Dockett o.fl., 2011; Peters, 2010).

Til þess að tengja leik- og grunnskólanna saman þarf að vera gott upplýsingaflæði á milli skólastiganna. Fram kom í starfendarannsókn sem gerð var hér á Íslandi að kennarar í þátttökuskólunum voru ánægðir með þær upplýsingar sem þeir fengu frá leikskólanum þegar

börnin komu yfir í grunnskólann. Kennararnir höfðu orð á því að hversu vel börnin stóðu sig við upphaf skólagöngunnar. Mæti því telja að nám barna í leikskólanum sé grunnur að því námi sem tekur við í grunnskólanum og, eins og lög gera ráð fyrir, að leikskólinn sé fyrsta skólastigið (Anna Magnea Hreinsdóttir, 2013). Kennarar sem tóku þátt í fyrrnefndri rannsókn voru á einu máli um það að með þátttöku í rannsókninni hefðu þeir dýpkað þekkingu sína og að einnig hefði náðst að tengja skólastiginni enn betur saman. Jafnframt hefði sambandið á milli skólastiganna aukist (Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir, 2013).

2.2.1 Ólík sýn á nám barna

Hér á landi hafa leikskólar og grunnskólar þróast og breyst á undanförunum áratugum og er ljóst að stofnanir þessar byggja á ólíkum uppeldis- og kennslufræðilegum hefðum. Menning þeirra og sögulegt samhengi er ólíkt ásamt því að ytri umgjörð og skipulag er með ólíkum hætti (Jóhanna Einarsdóttir, 2007).

Árið 2009 var sett á laggirnar rannsókn sem fékk heitið á sömu leið. Í verkefninu tóku þrjú leikskólar og þrjú grunnskólar í Reykjavík þátt. Leituðust þeir eftir að stefna í sömu átt í starfendarannsókn um tengsl skólastiganna. Aðaláherslan í verkefninu var að skapa vettvang fyrir kennara til að eiga samræður milli skólastiganna og mynda samvinnu um viðfangsefni sem hentuðu börnum á mótum leik- og grunnskóla. Með verkefninu gátu þátttakendur átt þess kost að ræða og vinna saman og með því öðlast þekkingu á hugmyndafræði, vinnubrögðum og orðræðu beggja skólastiganna.

Kennararnir könnuðu nýjar lendar, ígrunduðu eigið starf og prófuðu sig áfram með þau markmið að geta boðið börnunum upp á betri námsskilyrði og til þess að auðga eigið starf (Hildur Skarphéðinsdóttir, 2013). Í bókinni Á sömu leið má lesa grein sem heitir, þau náttúrlega læra af öllu sem þau gera, eftir Önnu Magneu Hreinsdóttur kemur fram að kennurum finnst vera töluverður munur á þeim starfsháttum sem unnið var með í leikskóla og grunnskóla. Þó töldu þeir að hann væri eðlilegur og af hinu góða (Anna Magnea Hreinsdóttir, 2013). Sama rannsókn sýndi að þær aðferðir sem leik- og grunnskólakennarar styðjast við til þess að tengja saman skólastigin og mynda samfellu í námi barna, beinast aðallega að því að kynna starfsemi grunnskólans fyrir elstu nemendum leikskólans. En aukin samvinna skólastiganna gefur meiri möguleika á því að nýta styrkleika hvors skólasigs til þess að tengja saman ólíkar aðferðir og hugmyndir. Einnig er mikilvægt að huga að ólíkum hugmyndafræðilegum grunni sem skólastigin byggja á en með því er hægt að skapa sameiginlega sýn kennara á nám barna á báðum skólastigunum (Bryndís Garðarsdóttir, Guðbjörg Pálsdóttir og Hrafnhildur Eiðsdóttir, 2013).

Jóhanna Einarsdóttir (2004b) skrifaði grein sem heitir Tvær stefnur – tvenns konar hefðir í kennslu ungra barna í henni kemur fram að leik- og grunnskólakennarar fundu fyrir

mismunandi kröfum og væntingum sem gerðar væru til þeirra. Leikskólakennarar töldu að foreldrar barnanna gerðu ekki miklar kröfur til starfsins og studdu áhersluna á leik barna og samskipti. Grunnskólakennurinum fannst þeir aftur á móti finna fyrir þrýstingi frá umhverfinu og frá foreldrum um að þeir ættu að kenna börnunum að skrifa, lesa og reikna (Jóhanna Einarsdóttir, 2004b).

Fram kemur í skýrslu OECD að mörg ríki telji leik- og grunnskólakennara oft hafa mismunandi sýn á nám barna og nota um það ólík hugtök sem gæti skýrst af misræmi í stöðu þeirra og menntun. Í Englandi til dæmis eru leikskólakennarar lágt launaðir þannig að erfitt er að tryggja nægilega hæft starfsfólk. Í Þýskalandi vita leikskólakennarar og grunnskólakennarar lítið um starf hvors annars eða kennsluaðferðir sem notaðar eru á hvoru skólastiginu. Til þess að sigrast á áskorunum sem þessum er gott að gera ráðstafanir til að samræma vinnuskilyrði kennara og menntun en það er einmitt gert í Japan þar sem unnið er í því að samræma menntun kennara í leik- og grunnskólum (OECD, 2017).

2.2.2 Mismunandi námsleiðir í leik- og grunnskólum

Víðast hvar í heiminum eru starfshættir leikskóla og grunnskóla talsvert ólíkir en umönnun og leikir eru megineinkenni í leikskólum. Í grunnskólum er meiri áhersla á hópakennslu og kennslu á námsgreinar. Þessar áherslur má einnig sjá í íslensku skólakerfi og kemur það einnig fram í aðalnámskrá skólastiganna (Jóhanna Einarsdóttir, 2004b).

Gerð var rannsókn hér á landi sem leiddi í ljós að talsverður munur er á skólastigunum. Skipulagið er frábrugðið að því leiti að viðfangsefni grunnskólabarnanna voru fyrir fram ákveðin og skólastarfið í grunnskólanum er ekki eins sveigjanlegt og í leikskólanum. Til að mynda var skóladeginum í grunnskólum skipt upp í 40 mínútna kennslustundir. Þar að auki fengu nemendur að fara út í frímínútur og í sérgreinar. Í kennslustofunum í grunnskólunum er lítið pláss fyrir börnin þar sem kennslustofan var uppsett með borðum og stólum. Í leikskólanum fá börnin fleiri tækifæri til þess að hreyfa sig og leika sér (Jóhanna Einarsdóttir, 2004b; Jóhanna Einarsdóttir, 2013).

Einnig mátti sjá í þessari rannsókn að námskrár og kennsluaðferðir í leik- og grunnskóla eru nokkuð ólíkar (Jóhanna Einarsdóttir, 2013). Í grunnskólanum var oft unnið með öll börnin í einu en í leikskólanum voru börnin meira í litlum hópum og meira um óbeina kennslu. Í leikskólanum lögðu kennararnir meira upp úr því að styrkja sjálfsmynd barnanna, leiðbeina þeim með félagsleg samskipti og samvinnu þeirra á milli, umönnun og leik. Í leikskólanum höfðu börnin töluverð áhrif á það hvað var gert. Í grunnskólanum var meira lagt upp úr því að kenna börnunum lestur, stærðfræði og kennarastýrt námsefni en þó var einnig lögð áhersla á mannleg samskipti og tillitssemi (Jóhanna Einarsdóttir, 2004b; 2013).

Kennsluaðferðum hefur verið lýst með ýmsu móti, til dæmis hefur verið talað um óbeinar og

beinar kennsluaðferðir. Með beinni kennslu er sagt að kennarinn sé í aðalhlutverki en óbein kennsla byggist á því að nemendur taki virkan þátt í vinnu (Gerður G. Óskársdóttir, 2014). Víða hefur komið fram að í mörgum löndum eru námskrár skólastiganna nokkuð ólíkar (Kristín Karlsdóttir og Bob Perry, 2017, Jóhanna Einarsdóttir, 2007, Peters, 2010). Námskrárnar eru jafnvel ólíkar í leik- og grunnskólum hér á Íslandi þó að unnið sé eftir sex sameiginlegum grunnþáttum menntunar (Kristín Karlsdóttir og Perry, 2017; Jóhanna Einarsdóttir, 2007).

Námskrá skóla getur haft margskonar áhrif á skólastarf og tryggt jafnvægi og stuðlað að jafnrétti. Hún styður við starfsfólk og getur leiðbeint þeim og stutt við það þegar kemur að samskiptum kennara og foreldra. Skólum er skylt að gefa út námskrá og þar á að koma fram hvernig skólarnir ætla að byggja upp samstarf milli leik- og grunnskóla. Hins vegar getur námskrá verið óbreytt í mörg ár, en þá getur skapast sú hættu að námskrá standist ekki tímans tönn og verði því skjal sem enginn kennari getur nýtt sér í starfi sínu. Jafnframt getur hún takmarkað frelsi og sköpun leikskólakennara (OECD, 2006). Námskrá á að tryggja samfellu í námi barna og geta haft jákvæð áhrif á námspróun þeirra. Hún styður starfsfólk með því að leiðbeina þeim um hvernig má auka þekkingu og nám barna og auka vellíðan þeirra. Námskrár geta stutt við foreldra og aukið þekkingu foreldra ungra barna á námi þeirra og hvað þau sem foreldrar geta gert heima til þess að styðja við nám barna sinna (OECD, 2012).

2.3 Þáttaskil

Vistkerfisnálgun Uries Bronfenbrenners hefur verið notuð til þess að varpa ljósi á tengsl á milli leik- og grunnskóla. Þegar börn fara úr leikskóla í grunnskóla er litið svo á að miklar breytingar verði í lífi barnanna og einnig hjá fjölskyldum þeirra. Talið er að nánasta umhverfi, opinber stefnumörkun, þjóðmenning og gildismat í samfélagi þeirra hafi einnig áhrif á breytingar sem þessar (Jóhanna Einarsdóttir, 2007). Líta má á yfirfærsluna frá leikskóla yfir í grunnskóla sem einhverskonar ferli sem allir í umhverfi barnsins taka þátt í. Það má því segja að mikilvægt sé að stuðla að góðu samstarfi milli skólastiga en þá er verið að leitast við að skapa tengsl milli barnsins og fjölskyldu þess, skólanna og samfélagsins þegar þessar miklu breytingar eiga sér stað (Jóhanna Einarsdóttir, 2007). Bronfenbrenner lagði áherslu á að líta eigi á barnið út frá heildrænu samhengi félagslegra, menningarlegra, umhverfislegra og sögulegra þátta (Jóhanna Einarsdóttir, 2007). Samkvæmt vistkerfislíkani Bronfenbrenners er um fjögur kerfi að ræða sem vinna saman. Fyrst er nærkerfið en það er svæðið sem stendur næst einstaklingnum; það er heimilið, nágrennið, leikskólinn og grunnskólinn. Þar á eftir kemur millikerfi þar er byggt á samskiptum og tengslum milli tveggja kerfa; það geta til dæmis verið tengsl milli heimilis og skóla. Þriðja kerfið kallast stofnanakerfi en því má lýsa

sem framlengingu á millikerfum sem tekur til stofnana samfélagsins sem flokkast undir vinnustaði foreldra, skólakerfi, heilbrigðisþjónustu eða fjölmiðla. Bronfenbrenner lýsir fjórða kerfinu sem lýðkerfi þar sem þjóðmenning, gildi, siðir og skipulag í samfélaginu hefur áhrif á einstaklinginn (Bronfenbrenner, 1997).

Annað hugtak hefur einnig verið notað þegar fjallað er um skil milli skólastiganna en það er þáttaskil sem skilgreint hefur verið sem breyting sem verður á högum einstaklinga við að fara frá einu skólastigi yfir á annað (Dockett og Perry, 2006). Fyrir mörg börn eru þáttaskil frá leikskóla yfir í grunnskóla fyrsta reynsla þeirra af miklum breytingum. Fólkið sem stendur þeim næst hefur áhrif á það hvernig samskipti þeirra eru, fjöldi jafningja, hvernig starfsemi þeir taka þátt í og umhverfið sem þeir búa í. Á þessu stigi er hægt að hafa áhrif á það hvernig einstaklingarnir takast á við þáttaskilin.

Þáttaskil hafa einnig verið útskýrð sem ferli sem einstaklingar ganga í gegnum þegar þeir færast á milli skólastiga eða flytja á milli skóla (Dunlop og Fabian, 2007). Því geta þáttaskil á milli skóla verið flókin, þar sem koma saman ólíkir hópar af börnum með mismunandi bakgrunn (Hellblom og Marwick, 2017). Mikilvægt er því að lögð sé áhersla á það hvernig tengsl hópsins er og hvernig þau geta breyst við þær umbreytingar sem eiga sér stað þegar börn fara úr leikskóla í grunnskóla (Peers og FLeer, 2014).

Mikilvægt er að kennarar, foreldrar og börn þekki þær breytingar sem verða þegar barn fer úr leikskóla í grunnskóla. Upplýsingaflæðið þarf að vera gott á milli heimila og skóla, umhverfið þarf að vera móttækilegt og námskrá þarf að vera til fyrir öll börnin sem ganga menntavegin (Dunlop, 2008). Einnig má skilja hugtakið þáttaskil sem fyrirbæri sem felur í sér margskonar samskipti og ferli og sem einstaklingar upplifa á ólíkan hátt (Docett, 2014).

Starfsfólk leik- og grunnskóla verður að huga að og líta á þáttaskil sem ferli frekar en eitthvað sem gerist í eitt skipti fyrir öll því það getur tekið börn mislangan tíma að finna fyrir því að þau tilheyri og finni sig í skólanum (Holsted, 2015).

Það þarf því að veita þáttaskilunum athygli enda er sambandið milli leik- og grunnskóla og annarra hagsmunaraðila mikilvægt við þær breytingar sem verða (Noel, 2010). Mikilvægt er því að líta ekki á þáttaskil sem neikvæða reynslu heldur væri skynsamlegra að nýta þau sem tækifæri til náms (Fthenakis, 1998). Því þarf flutningur milli leik- og grunnskóla að vera vel undirbúinn því ef barn hefur jákvæða reynslu af leikskólanum er hætta á að sú ánægja hverfi eða jafnvel sé komið í veg fyrir hana á fyrstu árum grunnskólans ef ekki er staðið vel að flutningnum (OECD, 2017).

Þáttaskilin frá leikskóla yfir í fyrsta bekk í grunnskóla fela í sér miklar breytingar. Geta barna er mismunandi og einnig sú reynsla sem þau hafa (Hellblom, Sandberg og Garpelin, 2017). Að fara í skóla getur verið afar spennandi fyrir börn og fjölskyldur þeirra en jafnframt felst í því töluverð áskorun. Flutningurinn getur verið farsæll og verið jákvæð og gefandi

reynsla fyrir sum börn en getur líka verið tímabil þar sem börn upplifa varnarleysi og depurð. Árangursríkar umbreytingar eru því mikilvægar til þess að efla sjálfstraust barna og seiglu fyrir áframhaldandi velgengni í skóla (Holsted, 2015).

Því miður geta þáttaskil valdið stressi og veikleika hjá börnum og fjölskyldum þeirra, en oft má líta á þáttaskil sem tækifæri til breytinga (Fabian, 2007).

2.3.1 Samfella í námi barna

Samfella er hugtak sem vísa jafnan til tveggja reynsluheima því ef um samfellu er að ræða má segja að þessir heimar séu á einhvern hátt líkir. Fræðimaðurinn og heimspekingurinn John Dewey talaði um óslitinn þráð reynslunnar eða samfelluna í reynslunni. Sérhver athöfn sem einstaklingur framkvæmir eða sú reynsla sem hann verður fyrir breytir honum og sú breyting hefur áhrif á síðari athafnir sem einstaklingurinn framkvæmir (Gunnar Ragnarsson, 2000). Því má útskýra samfellu að hætti Deweys þannig að athafnir og upplifanir barna í skólum byggist á og taki eitthvað frá því sem þau hafa einhvern tímann áður fengist við og með því breytt því sem á eftir kemur. Því þarf skólastarf að mati Deweys að taka mið af fyrri reynslu barna sem þau koma með í skólann og með því verði hægt að byggja ofan á þá reynslu sem nýtist þeim áfram (Jóhanna Einarsdóttir og Ólafur Páll Jónsson, 2010). Kagan, 1991 sagði að með samfellu væri átt við að það þyrfti að vera samhengi í hugmyndafræði, kennslufræði og skipulagi leik- og grunnskóla.

Að fara úr leikskóla yfir í grunnskóla er stórt skref fyrir öll börn. Styðjandi og áhyggjulaus reynsla er líkleg til þess að hafa áhrif á hvernig börn geta aðlagast skólaumhverfinu (OECD, 2017).

Gerður G. Óskarsdóttir útskýrir samfellu sem einhverskonar órofna heild. Barnið fer úr einum heimi yfir í annan og samfellan vísar til þess að þessir tveir heimar séu á einhvern hátt líkir. Það atferli sem einstaklingur tileinkar sér í þeim fyrri á einnig við í þeim síðari. Fullorðnir í umhverfi barnsins bregðast við barninu í samræmi við fyrri reynslu þess. Samfella í námi byggir á kennslufræðilegu samhengi sem á bæði við um umgjörð skólastofnana og starfshætti (Gerður G. Óskarsdóttir, 2012).

Sue Dockett og Bob Perry (2007), hafa líka skilgreint flutning úr leikskóla yfir í grunnskóla sem tímabil þegar börnin eru að breyta um hlutverk; fara úr því að vera leikskólabörn yfir í það að vera grunnskólanemendur. Væntingar, hlutverk og sjálfsmynd þeirra breytist á þessum tíma og einnig verða til ný sambönd, bæði við kennara og nýja félag. Barnið er ekki það eina sem gengur í gegnum þessar breytingar heldur líka allir í umhverfi þess, svo sem foreldrarnir, félagarnir og allt samfélagið.

Almennt er talið mikilvægt að vel sé staðið að samfellu milli leik- og grunnskóla og að þau séu stór tímamót í lífi hvers barns og fjölskyldu þess. Flest börn og foreldrar þeirra líta á

flutninginn sem áhugaverða breytingu á meðan aðrir hafa áhyggjur af því hvernig tekst til (Dockett og Perry, 2007). Í flestum tilfellum er verið að skipuleggja skólaheimsóknir til þess að undirbúa börnin fyrir flutninginn á milli leik- og grunnskóla (Kristín Karlsdóttir og Perry, 2017).

Þróun á samfellu í námi barna er studd af kennurum með því að byggja nám barna á fyrri reynslu og þekkingu þess. Finna þarf styrkleika hvers barns og skilja þarfir þess. Auk þess er mikilvægt að gera sér grein fyrir því að börn eru ólík og þurfa því ólíkar aðferðir þegar kemur að samfellu í námi þeirra. Þess vegna er ekki viðeigandi að móta alla í sama formið (Dockett og Einarsdóttir, 2017).

Samfella er ekki skilgreind sem einhverskonar ein leið sem allir skólar eiga að fara eftir. Skólasamfélög geta verið ólík og því getur verið mismunandi hvaða aðferðir þykja vænlegar til árangurs; það sem virkar á einum stað gerir það ekki endilega á öðrum. Það geta því verið mismunandi skoðanir á milli hagsmunaaðila í fjölbreyttu samhengi, menningu og á milli ára (Ballam, Perry og Garpelin, 2017). Þekking kennara og þær kennsluáðferðir sem eru notaðar eru mikilvægar til þess að veita stuðning við þáttaskilin (Petriwskyj, Tayler og Thorpe, 2014).

2.3.2 Upplifun kennara af þátttöku í skólasamstarfi

Kennarar í leik- og grunnskólum telja að skólaheimsóknir séu mjög mikilvægur þáttur í samfellu barna frá leikskóla til grunnskóla (Peters, 2002).

Í bókakaflanum *Teachers perspectives of transition* eftir Sally Peters kemur fram að kennari sem ekki var þátttakandi í skólasamstarfi taldi að grunnskólakennarar vissu lítið um leikskólastarf og að leikskólakennarar vissu lítið um grunnskólastarf. Þetta þýddi að bil myndaðist á milli skólastiganna. Kennarinn taldi mikilvægt að kennarar beggja skólastiga öfluðu sér þekkingar á starfsháttum hvers annars.

Kennarinn hafði það viðhorf að það skipti máli að nemendur séu orðnir sjálfstæðir, til dæmis í námi, og geti klætt sig, borðað og farið á salernið og séu farnir að geta setið kyrrir. Að geta hlustað sé einnig einn af þeim þáttum sem þarf að vera til staðar áður en börn fá inngöngu í skólann. Þetta eru þeir þættir sem kennarar vildu að börnin væru búin að læra og þótti þeim ekki vera neitt skilyrði að börnin kynnu að lesa, skrifa og þekkja tölur því það væru þættir sem þeir myndu kenna þeim (Peters, 2002).

Þegar niðurstöður á samstarfsverkefningu Á sömu leið voru skoðaðar mátti lesa um það að áður en farið var af stað með rannsóknarverkefnið höfðu skólarnir átt í samstarfi sem snéri að því að leikskólabörnin höfðu komið í heimsókn í grunnskólann til þess að fá að kynnast skólanum betur áður en formleg skólaganga hæfist. Einnig fengu grunnskólabörnin sem voru í 1. bekk að heimsækja leikskólann. Með þessari rannsókn fengu kennararnir fleiri tækifæri til þess að auka og bæta samvinnuna. Eftir að henni lauk fannst þeim samræðan og samstarfið

skipta miklu máli. Einnig fannst þeim að samstarfið milli skólastiganna hefði styrkst og hefði aukið þekkingu þeirra á því starfi sem á sér stað á báðum skólastigunum (Hrafnhildur Eiðsdóttir, 2013).

Dockett og Perry (2007) hafa einnig kannað viðhorf kennara til samstarfs leik- og grunnskóla. Í þeirri rannsókn kom í ljós að kennararnir töldu sig gegna lykilhlutverki í því að tengja saman skólastigin. Til þess að flutningur á milli skólastiga verði sem farsælastur fannst þeim mikilvægt að kennarar auki faglega samvinnu og eigi í samræðum til þess að komast að sameiginlegum markmiðum og leiðum í samstarfi.

2.3.3 Upplifun barna

Á síðastliðnum árum hefur orðið vakning hvað varðar menntun ungra barna og leitað hefur verið eftir þeirra þátttöku í rannsóknum með það að markmiði að þau fái tækifæri til að segja frá sínum viðhorfum til málefna sem þau varða. Gerðar hafa verið rannsóknir á viðhorfum og væntingum barna til grunnskólagöngunnar (Jóhanna Einarsdóttir, 2007). Þessar rannsóknir benda til þess að börn sjái upphaf grunnskólagöngunnar sem stórt skref í sínu lífi. Íslensk leikskólabörn hafa bent á að þau geri ráð fyrir því að skipulag og fyrirkomulag grunnskólans sé frábrugðið því sem þau hafa kynnst í leikskólanum. Mörg þeirra voru spennt fyrir því að byrja í grunnskólanum og voru full eftirvæntingar að læra nýja hluti, breyta um umhverfi og hitta nýja krakka. Því miður voru önnur börn sem fundu fyrir kviða og höfðu áhyggjur af því að þeim yrði strítt og að þau ættu að fara í sund, leikfimi og tölvutíma. Önnur börn kviðu fyrir því að þau myndu ekki ráða við þau viðfangsefni sem lögð yrði fyrir þau, til dæmis að þurfa að lesa, skrifa og reikna (Jóhanna Einarsdóttir, 2007).

Væntingar barna til grunnskólans eru miklar þar sem þau segja að grunnskólinn sé töluvert stærri og að þar séu mun fleiri nemendur. Þau telja að nú séu þau að fara að byrja að læra að lesa og skrifa, þurfa að sitja við borð og að ekki sé boðið upp neitt á val. Börnin tala um að þar séu frímínútur, þau koma með nesti að heiman og að þau fari í sund (Gerður G. Óskarsdóttir, 2012). Það skiptir börn miklu máli að hafa félag sína með sér á þessum tímamótum sem þau eru að ganga í gegnum þegar þau fara úr leikskóla í grunnskóla (Dockett og Perry, 2007; Fabian, 2000, 2002). Börn telja að þegar þau hefji skólagönguna þurfi þau að fylgja ákveðnum reglum sem settar eru í skólanum og með því að fara eftir þeim eigi þeim eftir að ganga betur í skólanum. Börn upplifa líka þann mun á leik- og grunnskólanum að þegar þau eru komin í grunnskólann þurfi þau að gera þau verkefni sem kennarinn leggur fyrir, en í leikskólanum hafi þau meira val um þau verkefni sem þau vilja gera (Dockett og Perry, 2007). Sömu sögu mátti heyra á nemendum sem tóku þátt í rannsókn þar sem leitað var eftir því hvernig börn tókust á við það að byrja í grunnskóla. Þeim fannst að þegar þau voru komin í grunnskólann væri þeim sagt hvað þau ættu að gera þótt að þau hefðu ekki

löngun til þess að vinna verkefnið en á meðan þau voru í leikskólanum höfðu þau tækifæri til þess að velja sér þau verkefni sem þeim hefði langað til að gera (Griebel og Niesel, 2002). Í rannsókn sem gerð var meðal íslenskra barna litu þau svo á að það verði tímamót í lífi þeirra þegar þau hefja grunnskólagönguna, að dagar frjálrsræðis og leiks séu á enda og fram undan séu tímar alvöru og fræðslu (Jóhanna Einarsdóttir, 2007). Í annarri rannsókn sem gerð var af Jóhönnu Einarsdóttur (2012) þar sem hún leitaðist eftir viðhorfum leikskólabarna til þeirra breytinga sem biðu þeirra þegar þau færu úr leikskólanum í grunnskólann, voru börnin yfir höfuð jákvæð fyrir því að byrja í grunnskóla og gerðu ráð fyrir því að breytingar yrðu á starfsháttum þegar þau myndu yfirgefa leikskólann og byrja í grunnskólanum. Kristín Karlsdóttir og B. Perry (2017) segja að það sé margt í lífi barna sem breytist þegar þau hefja grunnskólagönguna þar sem námið og kennsluaðferðir í grunnskólanum séu ólíkar því sem þau þekkja úr leikskólanum. Vísbindingar eru þó um að þegar börn hefji skólagönguna vilji þau að grunnskólinn sé ólíkur leikskólameningunni. Þetta séu því merki um það að börnin séu að þroskast. Áfram þurfa þó börnin stuðning frá fjölskyldunni og hann er þeim mjög mikilvægur. Börnunum finnst samt gott að hafa áfram hóp af vinum sem sum hver hafa verið vinir síðan í leikskóla en við upphaf skólagöngunnar munu þau eignast nýja vini.

2.3.4 Viðhorf foreldra

Þegar barn byrjar í leikskóla hefur það ekki bara áhrif á barnið sjálft því breytingar sem þessar hafa líka áhrif á foreldra barnanna. Gerðar hafa verið fjölmargar rannsóknir þar sem kannað er viðhorf og reynsla foreldra af þeim breytingum sem verða. Lýsa má flutningnum úr leikskóla í grunnskóla sem einhverskonar ferli breytinga (Jóhanna Einarsdóttir, 2007). Við upphaf grunnskólagöngu barna eru foreldrar mikilvægir tengiliðar. Þeir styðja börn sín á þessum tímamótum og að auki mynda þau tengingu á milli heimilis og skóla (Dockett og Perry, 2003; Griebel og Niesel, 2002). Foreldrar geta miðlað upplýsingum til grunnskólans um þroska barna sinna og reynslu þar sem þeir þekkja sín börn best. Því skipta góð tengsl milli heimilis og skóla miklu máli sem og gagnkvæm upplýsingagjöf, enda skapar það samfellu í lífi barna (Dockett og Perry, 2007; Jóhanna Einarsdóttir, 2007 o.fl.). Foreldrar upplifa sterkar tilfinningar þegar barn þeirra hefur skólagöngu og þau telja afar mikilvægt að byggja upp tengsl við kennara og foreldra annarra barna (Dockett og Perry, 2007). Jóhanna Einarsdóttir (2007) gerði rannsókn þar sem hún spurði foreldra barna sem voru að ljúka leikskólagöngunni og hefja nám í grunnskóla hvernig þeir upplifðu þessar breytingar. Foreldrar í þessari rannsókn voru almennt ánægðir með þær áherslur sem leikskólinn lagði upp með og nefndu sjaldan að þeir vildu byrja á formlegri kennslu í leikskólanum. Foreldrarnir upplifðu miklar breytingar við það þegar barnið þeirra fór úr leikskóla í grunnskóla (Jóhanna Einarsdóttir, 2007). Griebel og Niesel (2002) gerðu rannsókn á meðal þýskra foreldra og voru þau einnig á því að miklar breytingar yrðu þegar börn færu úr

leikskóla í grunnskóla. Þau töluðu um að þá hefðu börnin meira sjálffræði, til dæmis mættu þau fara út einsömul og ganga ein í skólann. Foreldrarnir gerðu líka meiri kröfur til sín og töldu sig bera ábyrgð á því hvernig barninu gengi í námi og lögðu mikla áherslu á það að aðstoða þau við heimanámið.

Því miður eru sumir foreldrar sem kvíða fyrir grunnskólabyrjun barna sinna og mátti lesa um það í rannsókn Jóhönnu Einarsdóttur (2007). Þau töldu börnin sín ekki vera nægilega tilbúin að byrja í skóla. Foreldrarnum fannst vera betur fylgst með börnunum í leikskólanum þar sem fleiri starfsmenn væru þar og umhverfið væri mun verndaðra.

Í rannsókn sem Sigurborg Sturludóttir og Jóhanna Einarsdóttir (2008) gerðu, kom fram að búseta og menntun hefur áhrif á þær breytingar sem verða þegar börn byrja í skóla. Foreldrarnir voru flestir jákvæðir fyrir skólabyrjun barna sinna þó að sumir þeirra fyndu fyrir kvíða. Minna var um það að háskólamenntaðir foreldrar kviðu fyrir grunnskólabyrjun barna sinna. Þeir foreldrar sem voru einungis með grunnskólamenntun kviðu grunnskólabyrjuninni mest (Jóhanna Einarsdóttir og Sigurborg Sturludóttir, 2008). Svo virðist sem samskipti milli heimilis og skóla breytist töluvert þegar börn byrja í grunnskóla og þátttaka foreldra í skólastarfi minnkar og þeir verða ekki eins virkir (Jóhanna Einarsdóttir og Sigurborg Sturludóttir, 2008; Griebel og Niesel, 2002).

Í skýrslu OECD, *Starting Strong III* kemur fram að það sé talið grundvallaratriði að foreldrar taki þátt í menntun barna sinna og hvatt er til samvinnu fjölskyldna og samfélags í menntun barna. Reynslu barna af samfelli í mismunandi aðstæðum má bæta þegar foreldrar og starfsmenn miðla reglulega upplýsingum sín á milli og samræma sig til dæmis í aðferðum í félagsfærni, daglegum venjum og þróun náms (OECD, 2011).

Það má því segja að miklar breytingar verði þegar barn fer úr leikskóla í grunnskóla. Foreldrar margra barna kvíða þessum breytingum og telja að umhverfi grunnskólans sé ekki eins öruggt og leikskólaumhverfið. Samskipti foreldra og kennara breytast og þátttaka foreldra minnkar. Erlendar rannsóknir sem gerðar hafa verið benda til þess að foreldrar geri kröfur til sín sjálfra þegar kemur að menntun barna þeirra.

2.4 Samantekt

Hér að framan hefur verið farið í gegnum mikilvægi þess að vel sé staðið að samfelli milli leik- og grunnskóla. Fram kemur í aðalnámskrá leik- og grunnskóla að skólar eigi að stuðla að samfelli milli skólastiganna. Lög og reglugerðir tryggja að samfella skuli vera á milli skólastiga og að samfélögum ber skylda til að framfylgja þeim lögum. Mikilvægt er að tengja saman skólastigin og stuðla að samstarfi þar á milli. Töluvert hefur verið rannsakað í þeim efnum en Bronfenbrenner lagði áherslu á að barnið og það umhverfi sem það býr í hafi áhrif á það hvernig flutningurinn á milli skólastiga gengur. Nánasta umhverfi, opinber stefnumörkun,

þjóðmenning og gildismat í því samfélagi sem barnið býr í hefur áhrif á þær breytingar sem barnið gengur í gegnum. Dewey talaði um óslitinn þráð reynslunnar en í því felst að einstaklingurinn tileinki sér þekkingu og færni í aðstæðum sem geti síðan verið tækifæri til þess að fást við og nota í aðstæðum sem á eftir kæmu. Með því yrði byggt ofan á þá reynslu sem einstaklingurinn hefur þegar í stað tileinkað sér.

Markmiðið með minni rannsókn er að leita svara við því hvernig samstarfi milli leik- og grunnskóla sé háttað í tveimur bæjarfélögum. Einnig verður kannað hver séu viðhorf starfsfólks til samstarfsins, hvernig samfella í námi barna kemur fram í samstarfinu og hver er framtíðarsýn starfsfólks af samfellu.

Eins og fram hefur komið hér að ofan hefur mikið verið rannsakað um samfellu milli skólastiga og hversu mikilvægt er að vel sé staðið að þáttaskilum í lífi barna og fjölskyldna þeirra. Þetta er stór tímamót og því þarf að huga vel að samstarfi leik- og grunnskóla.

3 Framkvæmd á rannsókn

Vinna hófst við gerð rannsóknarinnar í september 2017, byrjað var á því að lesa efni sem tengist samfellu milli leik- og grunnskóla og um upphaf skóla á Íslandi. Hér verður farið yfir aðferðafræði rannsóknarinnar, þátttakendur kynntir, farið yfir gagnagreiningu rannsóknarinnar, siðferði, trúveruleika og hvernig unnið verður úr niðurstöðum.

3.1 Rannsóknin

Í þessari rannsókn er notuð eigindleg aðferðafræði með það að markmiði að leita eftir skoðunum einstaklinga á því viðfangsefni sem rannsakað er.

Rannsóknaraðferðin sem notast er við er eigindleg tilviksrannsókn. Þetta rannsóknarsnið var valið vegna þess að skoðuð verða tilvik sem í þessari rannsókn eru kennarar í leik- og grunnskólum í tveimur bæjarfélögum og þeirra upplifun á því hvernig er staðið að samstarfi milli leik- og grunnskóla. Bæjarfélögin voru valin út frá því að í þeim báðum eru starfræktir fleiri en einn leikskóli sem þarf að eiga í samstarfi við grunnskóla. Því fannst rannsakanda það vera góðan kost til þess að leitast eftir svörum við rannsóknarspurningunum sem lagt var upp með.

Tilgangur tilviksrannsókna er að rannsaka eitt eða fleiri tilvik þar sem rannsakandi reynir að lýsa þeim eins vel og hægt er út frá þeim rannsóknargögnum sem hann aflar sér. Í rannsókn sem þessari er gott að hafa í huga að ekki er verið að reyna að afsanna eða sanna ákveðin tilvik heldur er rannsakandi frekar að reyna að öðlast þekkingu og skilning á því viðfangsefni sem hann er að skoða. Rannsakandi gerir það með því að afla lýsandi gagna sem hann síðan skipuleggur, setur fram og túlkar. Því er rannsakandi í lykilhlutverki vegna aðkomu sinnar og vegna þess hvernig hann vinnur úr þeim gögnum sem hann safnar sem þar af leiðandi hefur bein áhrif á það hvernig framsetningin í rannsókn hans verður. Í tilviksrannsóknum eru notaðar ýmsar aðferðir til þess að nálgast gögn; það getur verið með þátttökuathugun, viðtölum, greiningu fyrirbyggjandi ganga sem eru til dæmis lög og reglugerðir, fundargerðir og o.fl. Tilviksrannsóknir hafa verið algengar í menntarannsóknum þar sem bekkir, deildir og skólar eru tilvik sem eru skoðuð (Lichtman, 2013).

Þegar rannsókn er gerð er mikilvægt að fá öll tilskilin leyfi fyrir rannsókninni (Grétar L. Marinósson, 2004). Því var rannsóknin tilkynnt til Persónuverndar enda ber skylda að sækja um leyfi samkvæmt Reglu nr. 712/2008 um tilkynningarskyldu og leyfisskylda vinnslu persónuupplýsinga. Einnig fékk rannsakandi leyfi hjá skólastjórnendum í þeim skóla sem valdir höfðu verið til þess að taka þátt í rannsókninni. Í framhaldi var sóst eftir leyfi hjá þeim kennurum sem starfa með elstu börnunum á leikskólastiginu og jafnframt hjá þeim sem vinna með fyrsta bekk í grunnskólunum. Öllum sem tóku þátt í rannsókninni var tjáð að allar

upplýsingar yrði farið með sem trúnaðarmál og að hvorki þeir né skólinn kæmu fram undir réttu nafni. Upplýsingarnar voru varðveittar á öruggan hátt og var upptökunum eytt að rannsókn lokinni, þar sem innihaldið mun ekki nýtast í öðrum rannsóknum (Grétar L. Marinósson, 2004).

3.2 Þátttakendur

Þátttakendur í rannsókninni voru fjórir leikskólakennarar á elstu deildum leikskólanna og þrjár grunnskólakennarar í grunnskólunum í bæjarfélögunum tveimur sem tóku þátt í rannsókninni. Viðmælendurnir sem taka þátt í rannsókninni voru valdir út frá rannsóknarefninu sem á að skoða og kallast það markmiðsúrtak. Tekin voru sjö einstaklingsviðtöl við viðmælendur. Nöfnum bæjarfélaga, skóla og viðmælenda hefur verið breytt.

Tafla 1. Nöfn bæjarfélaga, skóla og viðmælenda

Heiti bæjarfélags	Nafn grunnskóla	Nafn viðmælenda
Andabær	Furuskóli	Guðrún
Andabær	Sunnuskóli	Nína
Baunabær	Birkiskóli	Fanney

Heiti bæjarfélags	Nafn leikskóla	Nafn viðmælenda
Andabær	Bjarkarkot	Margrét
Andabær	Drífukot	Hlín
Baunabær	Brekkukot	Sólveig
Baunabær	Brúakot	Ásta

3.3. Gagnaöflun

Aflað var gagna með viðtölum við þátttakendur þar sem rannsakandi fór og hitti viðmælendur á vinnustað hvers og eins þannig að viðmælendur væru í sínu umhverfi á meðan viðtölin færu fram. Viðtölin við leikskólakennarana fóru fram í undirbúningsherbergjum hvers leikskóla en viðtöl við grunnskólakennarana fóru fram í kennslustofu hvers kennara. Með viðtölum aflar rannsakandi gagna með beinum orðaskiptum við viðmælendur (Sigríður Halldórsdóttir, 2013). Rannsakandi telur þá aðferð að taka viðtöl við viðmælendur vera hentuga aðferð til þess að svara rannsóknarspurningunni.

Notast var við opin viðtöl við viðmælendur því þá geta þeir haft tök á að tjá sig frjálst um það viðfangsefni sem spurt verður um (Helga Jónsdóttir, 2003). Rannsakandi var með spurningalista sér til hliðsjónar til þess að tryggja það að fá svör við þeim spurningum sem leitast var eftir að svara í rannsókn þessari. Opnar spurningar eru því mjög gagnlegar þegar leitað er eftir dýpri þekkingu á þeirri reynslu sem er verið að rannskaka (Helga Jónsdóttir, 2003). Talið er að viðtöl séu öflug aðferð til þess að ná fram þekkingu og viðhorfi fólks á því viðfangsefni sem leitast er eftir því að fá svar við (Lichtman, 2013). Rannsakandi reyndi að hafa notalegt andrúmsloft í viðtalinu og byrjaði á því að kynna sig og um hvað rannsóknin snérist og átt var spjall við viðmælendur um þeirra vinnu og starf hvers skóla. Lichtman (2013) telur að það sé afar mikilvægt að rannsakandi sýni næmni, færni og getu til að ná góðu sambandi við viðmælendur sína og einnig að skapa afslappandi andrúmsloft.

3.4 Gagnagreining

Þegar viðtölin voru tekin upp var beðið um leyfi að fá að taka upp viðtölin við leik- og grunnskólakennara. Notast var við tölvur og síma til þess að taka upp. Við skráningu viðtalanna var notast við forrit sem gat hægt á rödd rannsakanda og viðmælanda því þá er mun auðveldara að heyra hvert einasta orð og skrá það niður. Vettvangsnótur voru skrifaðar eftir hverja gagnaöflun sem innihéldu nákvæmar lýsingar af vettvangi, hugleiðingum og mati rannsakanda. Í framhaldi var notuð þemagreining (thematic analysis) við gagnagreiningu en það er ferli þar sem rannsakandi þarf að fara í gegnum gögnin sem hann hefur safnað. Stuðst var við C-in þrjú eftir Lichtman, (2013). C-in þrjú standa fyrir Coding, Categorising og Concepts sem þýðir á íslensku lyklun, flokkun og þemu. Með lyklun er átt við að rannsakandi les í gögnin og finnur leiðandi/túlkandi atriði sem fram hafa komið við gagnaöflunina eða sem einkenna þau gögn sem safnað hefur verið. Í framhaldi var síðan farið í það flokka efnið sem fram kom og út frá því voru fundin þemu sem einkenna þau gögn sem er verið að skoða, en þemu vísa til mynsturs sem koma endurtekið fram í gögnunum (Lichtman, 2013) en Lichtman telur að fimm til sjö þemu séu hæfilega mörg. Dregin voru saman þemu eftir að rannsakandi hafði flokkað út helstu atriði úr rannsóknargögnunum og var reynt að finna út sameiginleg þemu frá viðmælendum og einnig hvað var ólíkt. Niðurstöðum rannsóknarinnar var því skipt upp í lykilþemu sem komu í ljós við úrvinnslu gagnanna til þess að svara rannsóknarspurningunum.

Meginþemu í rannsókn þessari voru:

1. Samstarfið
2. Upplifun barna að mati viðmælanda
3. Upplýsingaflæði

4. Ánægja
5. Framtíðarsýn
6. Hugtakið samfella

3.5 Siðferði

Til þess að rannsókn standi undir nafni þar hún að uppfylla siðferðilegar kröfur ekki síður en aðferðafræðilegar (Sigurður Kristinsson, 2013). Mikilvægt er að veita þátttakendum upplýsingar um tilgang, birtingu rannsóknarinnar og hver verði notkunin á henni (Lichtman, 2013). Einnig talar Lichtman um siðferðisreglur en mikilvægt er að rannsóknin skaði ekki þátttakendur og rannsakanda ber skal skylda til þess að viðhafa nafnleynd. Gæta skal að trúnaði við þá sem taka þátt í rannsókninni og afla upplýsts samþykkis. Hún bendir á að þátttakendur í rannsóknum séu jafn mikilvægir og rannsóknin sjálf (Lichtman, 2013).

Í rannsókninni voru skólunum og viðmælendum gefin dulnefni þannig að ekki sé hægt að rekja nein ummæli til viðmælenda en mikilvægt er að þátttakendur hljóti ekki skaða af því að taka þátt í rannsókninni. Fengið var leyfi hjá þeim til þess að taka upp viðtalið og þeim sagt frá því að gögnunum yrði eytt að rannsókn lokinni og að passað yrði upp á það að enginn annar kæmist í gögnin. Eins og áður kom fram var rannsóknin kynnt fyrir viðmælendum og hver tilgangur hennar væri en það var gert með því að rannsakandi sagði þeim frá því að hann væri að vinna að meistaraverkefni í leikskólakennarafræðum við Háskóla Íslands og að samstarf milli leik- og grunnskóla hefði orðið fyrir valinu vegna áhuga hans á báðum skólastigunum. Viðmælendur fengu upplýsingar um hvað til hvers væri ætlast af þeim. Það var gert með því að segja þeim frá rannsókninni og að viðtalið væri opið viðtal, þó að rannsakandi hefði spurningar með sér til hliðsjónar. Fengið var upplýst samþykki viðmælenda þar sem þeir skrifuð undir upplýst samþykki fyrir þátttöku sinni í rannsókninni og þeim var sagt frá því hvernig gögnin yrðu nýtt í rannsókninni. Rannsakandi kom með opinn huga á vettvang og bar virðingu fyrir því sem hann sá og heyrði á vettvangi. Þótt rannsakandi komi af sama starfsvettvangi reyndi hann að vera hlutlaus þegar hann ræddi við viðmælendur sínar og var meðvitaður um að láta ekki skoðanir sínar eða sýn á samstarf milli skólastiga hafa áhrif á skoðun viðmælenda eða túlkun á niðurstöðum viðmælenda.

3.6 Trúverðugleiki

Trúverðugleiki rannsóknarinnar var gætt með því að afla gagna með fjölbreyttum hætti. Skoðaðar voru skólanámskrár skólanna og tekin voru einstaklingsviðtöl við viðmælendur. Rannsóknir byggja á gagnaöflun en til þess að rannsóknir séu góðar er mikilvægt að gögnin séu líka góð (Sigríður Halldórsdóttir og Sigurlína Davíðsdóttir, 2013).

Í bók eftir Lichtman kemur fram að trúverðugleiki byggist á upplýsingum rannsakanda um rannsóknina. Það þarf að sýna fram á að þær aðferðir sem notaðar eru séu áreiðanlegar og leiði af sér réttmætar niðurstöður. Mikilvægt er að sjónarhorn þátttakenda komi fram í niðurstöðum í rannsókninni. Það er því afar mikilvægt að rannsakandi gefi sér góðan tíma til þess að hitta þátttakendur og ræða við þá, hlusta vel á þá og fylgjast með umhverfinu. Einnig getur verið gott að ræða við kollega sína á mismunandi stigum rannsóknarinnar og fá þannig sjónarhorn annarra á verkefnið. Einnig er gott að ræða við þátttakendur og fá það á hreint hvort rannsakandi hafi skilið hann rétt en með því eykst trúveruleiki rannsóknarinnar (Sigríður Halldórsdóttir og Sigurlína Davíðsdóttir, 2013).

Til þess að rannsókninn verði trúverðug þarf rannsakandi að hugsa fræðilega um það sem rannsaka á, hann þarf að verja tíma á vettvangi og samræmi þarf að vera á milli rannsóknarspurningarinnar og rannsóknaraðferðarinnar. Mikilvægt er að rannsakandi velji rétta fólkið til þess að taka þátt í rannsókninni og gott er fyrir rannsakanda að greina gögnin eins fljót og hægt er (McMillan, 2012).

Ekki má búast við því að hægt sé að alhæfa um niðurstöður fyrir aðra, þótt vonast sé eftir því að niðurstöður geti nýst öðrum bæjarfélögum til þess að skipuleggja samstarf á milli leik- og grunnskóla.

3.7 Samantekt

Í þessum kafla hefur verið greint frá aðferðafræði rannsóknarinnar og gerð grein fyrir þátttakendum en þeir voru leik- og grunnskólakennarar í tveimur bæjarfélögum. Aðferðin við gagnaöflunina var opin viðtöl við þátttakendurna sjö. Einnig voru skoðaðar námskrár þátttökuskólanna. Sagt var frá greiningu gagnanna sem voru marglesin, greind og túlkuð. Einnig var sagt frá siðfræði og trúveruleika.

4 Niðurstöður

Í þessum kafla verður gerð grein fyrir niðurstöðum rannsóknarinnar sem byggir á sjö viðtölum sem tekin voru við viðmælendur, sem eru fjórir leikskólakennarar og þrír grunnskólakennarar í tveimur bæjarfélögum. Leitast verður við að svara rannsóknarspurningunni sem lagt var upp með:

- Hvernig er samstarf milli leik- og grunnskóla í tveimur bæjarfélögum háttað?

Undirspurningarnar voru:

- Hver eru viðhorf starfsfólks til samstarfsins?
- Hver eru framtíðarsýn starfsfólks af samfellu?

Í kaflanum verður vitnað í svör viðmælenda, upplifun þeirra og sýn á samstarf milli leik- og grunnskóla. Fyrst verður farið yfir viðtöl við tvo grunnskólakennara í Andabæ og í framhaldi verur farið yfir svör tveggja leikskólakennara í sama bæjarfélagi og endað á sameiginlegum svörum þeirra sem starfa í Andabæ. Síðan kemur kafla þar sem farið er yfir svör eins grunnskólakennara í Baunabæ, þar á eftir eru svör tveggja leikskólakennara í Baunabæ tekinn saman og síðan koma sameiginleg svör leik- og grunnskólakennara í Baunabæ. Nöfnum skóla og viðmælenda hefur verið breytt og í niðurstöðukaflanum er lögð áhersla á að varpa skýru ljósi á sýn þeirra á viðfangsefni þessarar rannsóknar.

4.1 Andabær

Hér verður gerð grein fyrir niðurstöðum tveggja viðmælenda í grunnskólum í Andabæ. Eins og áður hefur komið fram hefur nöfnum skóla og viðmælenda verið breytt. Í Andabæ hefur einn viðmælandi fengið nafnið Guðrún og starfar hún í fyrsta bekk í Furuskóla. Hinn viðmælandinn hefur fengið nafnið Nína og er hún kennari í fyrsta bekk í Sunnuskóla.

4.1.1 Upphaf samstarfsins í Andabæ

Árið 1993 ákvað norræna ráðherranefndin að setja á laggirnar norrænt samstarfsverkefni sem fékk nafnið skólabyrjun, Skolestart í Norden, en í því fólst að tengja saman leik- og grunnskóla. Hér á Íslandi var ákveðið að finna leiðir til þess að brúa bilið á milli þessara skólastiga, bæði hvað varðar starfshætti og inntak náms. Með þessu átti einnig að reyna að

epla samstarfið á milli Kennaraháskóla Íslands og Fósturskóla Íslands (Menntamálaráðuneytið, 1997).

Kennarasamband Íslands og Fósturskóli Íslands sáu um endurmenntunarnámskeið sem fékk heiðið Brúum bilið. Upp frá þessu námskeiði var ákveðið að setja á laggirnar fyrsta samstarfsverkefnið. Annað bæjarfélagið, sem tók þátt í þessari rannsókn, tók þátt í því samstarfsverkefni. Upp frá því unnu saman einn grunnskóli og einn leikskóli í því bæjarfélagi að því að vinna að samstarfi og var skipulagt samstarf á milli þessara skólastiga. Ákveðið var að kalla verkefnið skólinn minn. Það hentaði vel starfsemi beggja skólastiga og einnig myndi það gefa góða möguleika á að vinna með móðurmálstengd verkefni og ritmál. Einnig var ákveðið að hafa nemendaskipti eða gagnkvæmar heimsóknir milli skólanna. Eftir að rekstur grunnskóla fluttist yfir til sveitarfélaga var ákveðið að formlegt samstarf yrði á milli allra leik- og grunnskóla í bæjarfélaginu en þar eru starfandi tveir grunnskólar og fjórir leikskólar. Samstarfið á milli allra skólanna í Andabæ hefur staðið frá árinu 1996.

Markmiðið með samstarfinu Brúum bilið er að tengja saman skólastigin, skapa samfellu í námi og kennslu nemenda á þessum tveimur skólastigum, byggja upp gagnkvæma þekkingu og skilning á starfi kennara á báðum skólastigum, stuðla að vellíðan og öryggi barna við að fara úr leikskóla í grunnskóla og skapa farveg fyrir miðlun upplýsinga á milli þessara skólastiga.

Til að byrja með fara nemendur úr leikskólanum saman í grunnskólann og hitta þar skólastjórnendur sem fara með þau um skólann og kynna hann fyrir þeim. Þessar heimsóknir hafa farið fram í september. Í október hafa skólaheimsóknir byrjað þar sem nokkrir nemendur í einu hafa farið í heimsókn í fyrsta bekk. Hver nemandi fær að fara í tvær skólaheimsóknir fyrir áramót og tvær eftir áramót. Auk þess hafa börnin í leikskólanum farið í morgunstundir hjá báðum grunnskólunum. Til viðbótar við þessar heimsóknir hafa börnin á elsta ári í leikskólanum farið í íþróttahús bæjarins einu sinni í viku þar sem þau fara í leikfimi.

Að vori hefur verið vorskóli og fer þá elsti árgangur leikskólanna í grunnskólann og börnum í fyrsta bekk hefur verið skipt niður á daga þar sem þau hafa farið í heimsókn í sinn gamla leikskóla. Vorskólinn stendur í fjóra daga sem lýkur með svokölluðu Húllum-hæ þar sem leikskólabörn og fyrsti bekkur í grunnskólanum gera sér glaðan dag. Vorskólinn hefur því verið endirinn á samstarfinu Brúum bilið á hverju skólaári.

Í maí hafa verið haldnir skilafundir þar sem farið er yfir nemendur en með því er verið að tryggja að byggt sé á fyrra námi og reynslu leikskólabarna þegar þau koma í grunnskóla og að aðlögun þeirra verði eins og best er á kosið.

4.1.2 Samstarfið

Í Andabæ byrjaði undirbúningur að samstarfi milli leik- og grunnskóla í ágúst 2017 þegar verkefnastjóri skólamála boðaði til sín á fund fulltrúa frá báðum grunnskólunum og öllum fjórum leikskólunum sem starfræktir eru í bæjarfélaginu, þar sem farið var yfir samstarfið og hvernig því yrði háttað á næsta skólaári.

Á þeim fundi var tekinn ákvörðun um að breyta því fyrirkomulagi sem áður hafði verið farið eftir. Börnum í leikskólunum yrði nú boðið í haustskóla sem stæði yfir í þrjá daga frá klukkan hálf níu til hálf tólf. Þar myndu þau hittast og blandast í hópa með öðrum leikskólabörnum og einnig með nemendum í fyrsta bekk. Á sama tíma fengju nokkrir nemendur í fyrsta bekk að fara í leikskólaheimsókn á sinn gamla leikskóla.

Í nóvember ætti að vera söngstund þar sem leikskólarnir myndu bjóða nemendum úr fyrsta bekk til sameiginlegrar söngstundar. Næsta heimsókn var skipulögð í febrúar þar sem nemendur úr grunnskólunum myndu bjóða elstu nemendum úr öllum leikskólunum fjórum til sameiginlegrar söngstundar. Í apríl yrði vorskóli sem væri skipulagður á sama hátt og haustskólinn. Til þess að ljúka samstarfinu var ákveðið að halda grillhátíð þar sem fyrsti bekkur og elstu börn leikskólanna kæmu saman og gerðu sér glaðan dag á útivistarsvæði í bæjarfélaginu og myndu grilla pylsur. Börnin í leikskólunum fara einnig í íþróttir í íþróttahúsi bæjarins einu sinni í viku yfir skólaárið, en þar sem mörg börn eru í hverjum árgangi í leikskólunum fer hver og einn leikskóli með sinn hóp þannig að nemendur blandast ekki milli leikskóla í þessum tímum.

Tafla 2. Skipulag samstarfs í Andabæ

Ágúst	Verkefnastjóri Skólamála boðar á fund	Fundur þar sem farið er yfir skipulag á samstarfinu
Október	Leik- og grunnskólar vinna saman	Haustskóli
Nóvember	Leikskólakennarar sjá um	Söngstund
Febrúar	Grunnskólakennarar sjá um	Söngstund
Apríl	Leik- og grunnskólar vinna saman	Vorskóli
Maí	Leik- og grunnskólakennarar vinna saman	Húllum-hæ

4.1.3 Áhrif á samstarfið

Viðhorf kennara og viðleitni þeirra til þess að fylgja samstarfinu eftir skiptir sköpum. Í Andabæ er til aðgerðarmappa sem farið er eftir. Í henni er áætlun um framkvæmd samstarfsins en hún hefur verið aðlöguð af því starfsfólki sem er kennir í fyrsta bekk í grunnskólunum og leikskólakennurum sem starfa með elstu börnunum í leikskólanum hverju sinni. Í Fellaskóla sagði Guðrún frá því þegar hún og tveir aðrir samstarfsfélagar hennar ákváðu eitt árið að auka samstarfið til muna og fjölga heimsóknum barnanna á milli skólastiganna. Því miður hefði það haft þau áhrif að ekki var haldið var áfram með það fyrirkomulag árið eftir. Síðan sagði hún þetta: „Svona hefur þetta verið mismunandi, stundum dregist saman eða aukið við samstarfið. Þetta fer svolítið eftir kennurum, við erum náttúrulega ólík.“

Grunnskólakennararnir voru ekki á sama máli um hvernig þróunin á samstarfinu væri því í Furuskóla talaði Guðrún um að kennarar sem starfa með henni hefðu viljað meira samstarf og finna þær ekki mikið fyrir samstarfsverkefninu Brúum bilið. Aftur á móti fannst Nína skipulagið á samstarfinu vera þægilegra og að ekki væri eins mikið rót á nemendum núna eins og var áður var og ekki verið að senda nemendur frá sér og taka á móti öðrum í hverri viku og reyna að skipuleggja hver á að fara hverju sinni.

Guðrún og Nína voru á einu máli um það að samstarf milli leik- og grunnskóla væri mikilvægt og ekki mætti sleppa samstarfinu. Nú væri verið að gera tilraun með það fyrirkomulag sem lagt var upp með núna í haust og því ætti eftir að meta hvernig til tókst og hvaða ávinningur væri af þessu fyrirkomulagi bæði fyrir grunnskólana og leikskólana.

4.1.4 Upplifun barna af samfellu að mati viðmælenda

Þegar niðurstöður voru skoðaðar og farið var að rýna í það hvernig viðmælendur teldu að börnin upplifðu samfellu milli skólastiganna mátti meðal annars heyra að grunnskóakennarar teldu skólaheimsóknir hafa góð áhrif á líðan leikskólabarna við upphaf grunnskólagöngunnar og að þau finndu fyrir meira öryggi þegar þau þekki umhverfið og hvernig fyrirkomulagið er í skólanum. Börn þurfa að finna fyrir vellíðan og hlakka til að byrja í skóla. Því það á ekki að valda þeim kvíða eða ótta að byrja í skóla. Þeim á að finnast skólaumhverfið vera spennandi staður. Með skólaheimsóknum er því verið að kynna þau fyrir því sem gert er í skólanum og þá verða þau aðeins meðvitaðri um það hvað þau eru að fara gera þegar þau byrja í skóla.

Kennararnir töldu að með haustskólanum myndu börnin ná að kynnast þeim betur og að þeir myndu fyrir því að börnin væru óhræddari við að ræða við kennarana miðað við áður þar sem börnin komu í heimsókn part úr degi og síðan leið mánuður í næstu heimsókn og þá áttu kennararnir í meiri erfiðleikum með að tengjast barninu og barnið að treysta kennaranum. Nína grunnskólakennari í Sunnuskóla hafði þetta að segja:

Þau verða heimavanari, eru héra í lengri tíma, maður sér bara mun á þeim milli daga. Maður kynnist þeim betur núna, finnst mér ... og á þriðja degi voru þau farin að gefa sig að manni og orðin öruggari.

Nínu finnst forvitnilegt að sjá hvort að haustskólinn skili einhverju að vori þar sem langur tími líður á milli haust- og vorskóla. Hvort að börnin verða áfram örugg og líði vel í skólanum og sagði: „ég vona að þau séu ekki búin að gleyma öllu þótt að það líði svolítill tími á milli heimsókna.“

Guðrún grunnskólakennari í Furuskóla telur að skólaheimsóknir hjálpi börnum mikið og þau fari að þekkja umhverfið. Hún telur að það hjálpi börnunum mikið við upphaf skólagöngunnar að byrja í bekk þar sem einungis eru nemendur sem voru með þeim í leikskóla. Í Furuskóla hefur það verið gert síðustu ár að börnin byrja í hreinum leikskólahóp og síðan er þeim skipt upp í blandaða hópa þegar þau hafa aðlagast því að vera byrjuð í skóla og hafa kynnst betur börnunum úr hinum leikskólunum. Hún sagði:

Þau standa eiginlega miklu betur að vígi hér því þau eru örugg í sínum hóp meðan kennarinn þekkir kannski engan. Því reynist þetta oft flókið við upphaf skólans.

Í Sunnuskóla er stefna skólans að við upphaf vorskólans sé búið að skipuleggja hver kennir börnunum við upphaf fyrsta bekkjar þannig að þeir kennarar geta komið og verið með börnunum í vorskólanum. Nína hafði orð á því: „Með því skapast öryggi hjá börnunum og þau eru komin með andlit og tengingu við ákveðna manneskju sem mun síðan fara að kenna þeim um haustið.“ Guðrún nefndi að ekki hefur náðst í skipulagi í Furuskóla að finna hver sér um kennslu hjá fyrsta bekk um haustið og því hefðu þau ekki náð að gera eins og Sunnuskóli, að láta komandi kennara vera með vorskólann, en taldi það veita börnum meira öryggi ef þau væru búin að tengjast kennaranum í vorskólanum.

Í báðum skólunum höfðu nemendur tækifæri til þess að koma í fleiri heimsóknir ef þeir fundu fyrir óöryggi. Guðrún nefndi dæmi og sagði: „Í fyrra var nemandi sem var mjög óöruggur gagnvart öllu saman. Það var fundið út úr því og fékk hann að koma í fleiri heimsóknir.“

Kennararnir í grunnskólunum í Andabæ töluðu einnig um breytinguna sem hefur orðið á lífi barnanna í fyrsta bekk. Þeir fundu fyrir því að börnin voru farin að fjarlægjast leikskólann og ef til vill stafaði það af því að börnin færu ekki reglulega í heimsókn í gamla leikskólann sinn til þess að halda í minningar um leikskólann. Grunnskólakennararnir töldu að það

vantaði upp á að börnin fengu tækifæri til þess að fara í fleiri leikskólaheimsóknir og fannst að það hefðu gefist fleiri tækifæri til þess í því fyrirkomulagi sem áður var.

Guðrún grunnskólakennari í Furuskóla minntist á það að ekki væri komin nein reynsla á það fyrirkomulag sem núna er en að starfsfólk skólans telur það vera missi að börnin fari ekki lengur í heimsókn í alla leikskólanna eins og áður var. Hún hafði þetta að segja:

Við heyrum að þau eru komin í ofboðslega fjarlægð frá leikskólanum sínum og þau segja það sjálf. Ég átti samtál við eina stúlku um daginn og hún sagði: „Það er svo langt síðan ég var í leikskólanum mínum að ég man ekki alveg hvernig það var.“ Þau eru komin þangað, þetta heyrði ég ekki áður þegar börnin fóru í fleiri heimsóknir í leikskólann eins og var hér áður en fyrirkomulaginu var breytt.

Það má því segja að grunnskólakennararnir hafi verið sammála því að leikskólinn væri orðin svona „draumkenndari í augum barnanna,“ eins og Nína orðaði það og að það hafi heyrst á börnunum í vetur.

4.1.5 Upplýsingaflæði

Skoðað var hvernig upplýsingaflæðið væri á milli leik- og grunnskóla í Andabæ og hvort viðmælendur nýttu sér þær upplýsingar sem sendar væru á milli skólastiganna. Guðrún og Nína voru samála því að upplýsingaflæðið væri nú ekki það mikið á milli skólastiganna en þó væru tölvupóstar sem færu á milli þegar það verið væri að boða til funda, til dæmis þegar á að fara að skipuleggja Brúum bilið samstarfið. Annars væri það lítið annað en síðan væru skilafundir þar sem fulltrúar frá skólunum og leikskólunum færu yfir börnin. Misjafnt var í Furuskóla og Sunnuskóla hvernig staðið var að skilafundunum en í Fellaskóla var ákveðið að hafa skilafund að hausti en ekki að vori eins og áður hefur verið. Þar hittust grunnskólakennarar sem færu að kenna tilvonandi fyrsta bekk og fulltrúar frá leikskólunum og færu yfir stöðu hvers barn. Þetta þótti þeim mjög gott í Fellaskóla því þá fengu þau börnin skömmu seinna í skólann og allar upplýsingar væru nýkomnar þannig að það leið ekki heilt sumar áður en farið var að vinna með börnin.

Leikskólarnir senda frá sér öll gögn sem fylgja hverju barni og allar þær upplýsingar hafa farið í gegnum einhverskonar mat. Guðrún sagði:

Við fáum til dæmis allar upplýsingar ef að barn hefur komið illa út úr TOLD og fara síðan í einhverja vinnu með það í leikskólanum og fara síðan í endurmat eftir þá vinnu sem farið var í. Þannig upplýsingar fáum við allar, sálfræðimat og annað.

Sama mátti heyra frá Nínu; allar upplýsingar um börn sem hafa einhverskonar greiningar eða mat fá þær strax og unnið var út frá þeim.

Einnig mátti sjá að skólarnir fóru mismunandi leiðir þegar kom að skilafundum. Kennarar Furuskóla fóru eins og áður var sagt og hittu fulltrúa frá hverjum leikskóla og skiptu kennararnir þrír á milli sín að skrifa hjá sér upplýsingar um hvert barn. Enda telja þeir að mikilvægt sé að vita hvernig persónuleiki barnanna er, eins og Guðrún orðaði það: „Mér finnst voða gott að fá að vita að þessi er rosa glaðlegur, hress og þessi er duglegur í þessu og svo framvegis.“ Taldi hún að skilafundir væru nauðsynlegir fyrir alla aðila og með þeim komist til skila ef eitthvað er að. Til dæmis mátti heyra að starfið hefur breyst á síðustu árum og eru þá heimilin stór þáttur í því. Börn búa við mismikið atlæti og að því þarf að huga hvort barn kemur með nesti í skólann, hvort það er með aukaföt eða þarf kennarinn að huga að því á annan hátt.

Í Sunnuskóla hafa kennararnir farið á skilafundi með fulltrúum frá leikskólunum og farið hefur verið yfir börnin og hvað hefur gengið vel og hvað ekki, hvað þarf að hafa í huga og þess háttar. Í haust var ákveðið að gera breytingar og nú fór deildarstjóri í skólanum og hitti fulltrúa frá leikskólunum á skilafundi. Kennararnir fengu því nauðsynlegar upplýsingar frá honum um börnin sem talið var að þyrftu meiri stuðning eða voru með einhverskonar greiningu á bak við sig. „Við gátum síðan spurt út í sérhvert barn ef okkur fannst við þurfa einhverjar upplýsingar,“ sagði Nína og í framhaldi þetta: „Maður saknaði þess að hafa ekki meiri upplýsingar í upphafi, þótt að barnið hefði ekki neina greiningu þá hefði maður alveg þurft að vita meira um það. Þó það væri ekki nema bara að pappírarnir væru bara komnir á undan.“ Því taldi hún að það þyrfti að fínþussa hvernig yrði staðið að skilafundum og því upplýsingaflæði sem á milli skólastiganna er.

Nína hafði síðan orð á því að kennararnir væru ef til vill svolítið í lausu lofti fyrstu vikunnar ef þeir sáu að það væri til dæmis einhver málþroskavandi hjá barninu eða eitthvað þess háttar sem kannski kom fram á pappírnum sem leikskólarnir sendu frá sér en þær ekki verið með vitneskju um. Því hefði upplýsingaflæðið ekki verið nægilegt þegar einhver annar aðili en kennarinn sæi um að geyma og miðla. Nína sagði samt að allar upplýsingar um til dæmis HLJÓM-próf væru nýttar af kennurum, til dæmis til þess að raða í málörvunarhópa.

4.1.6 Framtíðarsýn

Grunnskólakennararnir í Andabæ sögðu frá hugmyndum sínum um það hvernig þau sæju fyrir sér að samstarfinu yrði háttað í framtíðinni. Kennararnir voru með ákveðnar hugmyndir og var afar áhugavert að heyra þeirra sjónarhorn. Guðrún og Nína voru sammála því að mikilvægt væri að þróa samstarfið og tryggja að vel væri staðið að því. Að börn fái tækifæri til þess að kynnast skólaumhverfinu sem þau færu í þegar skólagangan hefst og einnig að nemendur í fyrsta bekk fái tækifæri til þess að heimsækja sinn gamla leikskóla.

Guðrún grunnskólakennari í Fellaskóla hafði ákveðna draumsýn á það hvernig hún vildi hafa samstarfið og ef hún fengi að ráða í sinni draumaveröld myndi hún vilja hafa miklu meira samstarf á milli elstu barna í leikskólunum og barna í fyrsta bekk í grunnskólunum. Hún sá þetta ekki fyrir sér sem formfastar heimsóknir heldur væri einhver ákveðinn dagur í vikunni þar sem væri flæði væri á milli leikskóla og grunnskóla. Hún sagði meðal annars þetta: „Ég myndi vilja að gúbbarnir sem hafa ekki mikla þrautseigju að sitja hér fái að fara yfir í leikskólann hluta af degi og ég kannski fái þá einhverja aðra úr leikskólanum sem eru rosalega tilbúnir að fara í skóla og þeir fái að vera hjá mér í smá tíma líka.“ Með þessu taldi hún að verið væri að sinna betur þeim börnum sem væru ef til vill ekki tilbúin að hefja skólagönguna sex ára og taldi að allt of mikið væri horft til ártals en ekki hvort nemandinn væri tilbúinn eða ekki.

Guðrún og Nína voru báðar á því að það mætti vera meira flæði á milli skólanna og að gott væri ef að leikskólakennari myndi fylgja leikskólabörnunum upp í fyrsta bekk. Þannig myndi þekkingin flytjast á milli skólastiga og þá væri auðveldara að halda áfram með það nám sem á sér stað í leikskólanum.

Nína telur að mikilvægt sé að gæta að frjálsa tímanum í söngstundunum, því ekki sé gott að vera að stýra börnunum of mikið. Því er gott að gefa þeim tækifæri á því að hittast, leika og spjalla saman. Hér kom hún inn á það hve mikilvægt er að börn sem eru saman á leikskóla og fara síðan ekki í sama grunnskóla, eða jafnvel börn sem hafa verið góðir leikfélagar í leikskóla en eru ekki á sama ári, fái tækifæri í þessum samverustundum til að hittast. Nína gaf gott dæmi um þróun á söngstundunum þegar Furuskóli og Sunnuskóli ákváðu að hittast fjörutíu mínútum áður en söngstundin átti að byrja. Þar hefðu gömlu félagarnir hist, leikið sér saman og borðað nesti saman áður en haldið var í íþróttahúsið þar sem söngstundin fór fram.

Nína hafði orð á því að þegar í samverustundina væri komið hefði hún viljað sjá leikskólabörnin blandast meira og að fyrsti bekkur myndi líka blandast við leikskólabörnin. Síðan sagði hún:

Ég hefði viljað sjá, af því að við enduðum söngstundina á leik, þá hefði ég viljað sjá leikskólabörnin og grunnskólabörnin blandast meira, þannig fannst mér eins og ég sagði áðan grunnskólabörnin blandast meira og ég held að það sé vegna að þau hittust áður og voru búin að brjóta ísinn. Þá sá maður að leikskólarnir voru bara þessi leikskóli hér og þessi hér. Ég myndi vilja sjá þetta meira hrærast, sjá þau blandast.

Nína er því áhugasöm að sjá hvernig söngstundirnar þróast því hún telur að mikilvægt sé að þau fái að hittast og að þau fái tækifæri til þess að blandast í hópum. „Því að þetta er eitt samfélag og hér eiga allir að vera vinir út alla skólagönguna.“

4.2 Starfsfólk leikskólanna í Andabæ

Hér verður farið yfir niðurstöður úr viðtölum við leikskólakennara í Andabæ. Nöfnum viðmælenda hefur verið breytt sem og heitum leikskólanna. Viðmælandanum hefur verið gefið nafnið Margrét og starfar hún í leikskólanum Bjarkarkoti. Margrét er deildarstjóri á elstu deild í leikskólanum. Hinn viðmælandinn hefur fengið nafnið Hlín og starfar hún á leikskóla sem hefur verið gefið nafnið Drífukot. Hlín er deildarstjóri á blandaðri aldursdeild þar sem eru meðal annars börn á elsta ári í leikskóla.

4.2.1 Fyrirkomulag á samstarfinu

Viðmælendur voru spurðir út í það fyrirkomulag sem nú er á samstarfinu milli leik- og grunnskóla. Sögðu þeir frá því að verkefnastjóri skóla- og frístundasviðs boði á fund þar sem farið er yfir samstarfsáætlunina Brúum bilið sem starfað hefur verið eftir í mörg ár. Þar hittast leikskólakennarar frá öllum fjórum leikskólunum og grunnskólakennarar frá báðum grunnskólunum. Þar er farið yfir komandi skólaár, hvernig eigi að vinna að samstarfi og dagsetningar settar niður. Í ár var ákveðið að hafa haust- og vorskóla þar sem börnin kæmu í þrjá daga frá klukkan hálf níu til hálf tólf; þriðjudag, miðvikudag og fimmtudag. Síðan voru fyrirhugaðar söngstundir þar sem leik- og grunnskólarnir sæju um að skipuleggja hvor sína söngstund. Hver leikskóli fer síðan í íþróttahúsið í leikfimi einu sinni í viku og það er einmitt einn liður í Brúum bilið samstarfinu. Margrét leikskólakennari í Bjarkarkoti sagði síðan þetta:

Síðan er börnunum í leikskólanum boðið á árshátíðir hjá báðum grunnskólunum, það eru haldnar morgunstundir í Sunnuskóla, og í Fellaskóla hefur verið söngstund þannig að leikskólarnir hafa alltaf fengið boð á þessa samkomur þannig að börnin í leikskólunum hafa verið þátttakendur í skólastarfinu upp að ákveðnu marki.

Það er því ýmislegt gert til þess að stuðla að samstarfi að mati viðmælenda og fyrirkomulagið skipulagt á sameiginlegum fundum sem haldnir eru til þess að skipuleggja veturinn.

4.2.2 Praktískar lausnir

Margt kom fram sem hafði áhrif á fyrirkomulagið. Verkefnið hefur þróast út frá því að einn grunnskóli og einn leikskóli, í það að tveir grunnskólar og fjórir leikskólar taka þátt í samstarfi. Því er eðlilegt að verkefnið þróist og að fundin sé flötur sem hentar öllum. Því hefur starfsfólk leik- og grunnskólanna unnið saman að praktískum lausnum. Kostir nýja fyrirkomulagsins voru margir að mati leikskólakennarana og fannst þeim þetta fyrirkomulag auðvelda á margan hátt, miðað við það skipulag sem var áður þegar það þurfti að vera að senda nokkur börn í einu yfir allt skólaárið í skólaheimsóknir. Starfsfólkið þurfti því að gæta þess að vera meðvitað um það hvaða börn væru að fara hverju sinni í skólaheimsókn og hvaða börnum væri verið að fara að taka á móti frá grunnskólanum. Jafnframt varð að senda starfsmann með börnunum úr leikskólanum í skólaheimsókn og vera samt sem áður með nægilega marga starfsmenn á deildinni í leikskólanum til þess að geta tekið á móti börnum úr fyrsta bekk sem voru að koma í leikskólaheimsókn. Margrét sagði svo:

Þetta var því orðið í hverri einustu viku þar sem við vorum að fara í Furuskóla eða í Sunnuskóla. Þannig að núna er þetta bara, eins og núna í október þrjú dagar þar sem við fórum með börn í Furuskóla og þrjú dagar í Sunnuskóla. Hér áður fyrr var þetta svo mikið þúsl, við þurftum að passa að hafa nægilega marga starfsmenn með okkar börnum í skólanum og líka að hafa nægilega mikið af starfsfólki hér í leikskólanum til þess að geta tekið á móti börnunum úr grunnskólanum. Oft tókum við líka á móti fleiri börnum úr grunnskólanum heldur en við sendum frá okkur og með þeim var kannski einn starfsmaður, ef það var. Svo það var líka þúsl að koma því við.

Sömu skoðun hafði Hlín á fyrirkomulaginu. Hún sagði þetta einfalda mjög starfið í leikskólanum og oft hefði verið erfitt að senda frá sér starfsmann með nokkur börn einn dag í viku í hvernig veðri sem var. Starfið í leikskólanum væri ef til vill orðið meira en það var hér á árum áður og því hefði verið flóknara að skipuleggja vikulegar heimsóknir.

Leikskólakennararnir voru því á einu máli um það að kostir nýja skipulagsins væri margir. Það létti mjög á starfi leikskólanna og auðveldi skipulag á starfsmannahaldi. Heimsóknirnar væru ekki eins íþyngjandi núna eins og var í gamla fyrirkomulaginu þegar leikskólarnir voru að senda börn frá sér í hverri viku í skólaheimsókn.

4.2.3 Upplifun barna að mati viðmælenda

Úr gögnunum mátti lesa sömu niðurstöðu hjá leikskólakennurum í Andabæ þar sem þeir töldu að skólaheimsóknir hjálpuðu börnum að finna til öryggis og að umhverfið væri ekki nýtt fyrir þeim þegar þau byrjuðu grunnskólagönguna. Börnin væru búin að hitta

skólastjórnendur og fá kynningu á skólanum frá þeim og fara í heimsókn í bekkjarstofurnar og fá kynningu á list- og verkgreinastofunum. Í þeim heimsóknum fá börnin tækifæri til þess að hitta systkini, foreldra, ömmur eða afa sem eru í skólanum og fá mynd af sér með þeim ef þau vilja. Með því töldu kennararnir að barnið myndaði tenginu við skólann sem veitti þeim jafnframt öryggi. Leikskólakennararnir voru sammála því að skólaheimsóknir geri öllum börnum gott. Margrét taldi skólaheimsóknir hjálpa öllum börnum. „Skólaheimsóknir hjálpa náttúrulega öllum börnum og geri þeim gott ekki bara þeim sem búa yfir einhverskonar sérþörfum. Börn sjá að þetta er allt í lagi þótt að þetta sé stökk, þótt það sé búið að undirbúa þau.“ Hlín var á sama máli en taldi skólaheimsóknir hjálpa sérstaklega börnum sem glíma við kvíða, enda finnur hún að það sé að aukast milli ára að börn glími við kvíða. Síðan segir hún: „Ég er með nokkur kvíða börn sem þola ekki miklar breytingar og því hafa þessar heimsóknir hjálpað þeim. En með því fá þau að kynnast umhverfinu og þess háttar sem veitir þeim öryggi.

Leikskólakennararnir töldu að börnin fái meira út úr því að fara í haustskóla og vorskóla heldur en að fara í heimsóknir eins og áður var þegar hvert barn fór í tvær heimsóknir fyrir áramót og tvær eftir áramót. Börnin myndu upplifa sig meira sem skólabörn þar sem þau fara í þrjá daga í röð í skólann og eru í lengri tíma í senn. Þau fara í verkefnavinnu, borða nesti og fara í frímínútur. Þessa upplifun finna börnin ekki þegar farið var í þessar tvær heimsóknir fyrir áramót og tvær eftir áramót.

Öryggi er því eitthvað sem leikskólakennurunum fannst að börnin finna fyrir, þau fara að þekkja sinn skóla og umhverfið í kring. Með þessum heimsóknum er því umhverfið ekki nýtt fyrir börnunum. Enda töldu þær líka gott að leikskólarnir væru duglegir að fara í auka heimsóknir í skólanna, leika á skólalóðinni og fara á bókasafnið.

4.2.4 Upplýsingaflæði

Leikskólakennarar töldu að upplýsingaflæðið á milli skólanna væri fínt hvað varðar skipulag á fundum og þess háttar. Það eru sendir tölvupóstar á milli bæði til að ræða ef um einhver mál sem koma upp eða þegar það er boðið til fundar. Margrét og Hlín töluðu um að það væru reglulegir fundir þar sem farið er yfir það hvern viðburð og hvað hefur gengið vel og hvað mætti bæta. Þannig getur hver og einn komið með athugasemdir ef það er eitthvað sem hann vill ræða. Enda hefur það verið óskrifuð regla að ef það er eitthvað sem við viljum koma á framfæri þá tölum við bara strax saman.

Leikskólarnir sáu um að skipuleggja söngstund með fyrsta bekk í vetur og til þess að skipuleggja og velja lagalista voru kennarar í tölvupóstsamskiptum sín á milli. Þetta væri sameiginleg vinna sem gengið hefur mjög vel í vetur.

Viðmælendur voru síðan spurðir um þær upplýsingar sem þær senda frá sér hvað varðar nemendur fannst þeim mikilvægt að það væri líka gott að vita um getu sterku barnanna ekki bara þá slöku eða þau börn sem eru með greiningar.

Þegar viðmælendur fóru að ræða um þá miklu vinnu sem leikskólarnir settu í þau gögn sem skilað er til grunnskólanna fannst þeim að þær upplýsingar væru ekki nægilega vel nýttar. Því fannst þeim vera spurning hversu mikla vinnu leikskólarnir ættu að setja í það að skrifa niður upplýsingar um öll börn ef það yrði síðan ekki lesið. Margrét sagði síðan þetta:

Því miður hefur það komið fyrir oft en einu sinni og tvisvar að við höfum skilað af okkur bunka af pappírurum og síðan hafa kennarar komið til okkar og vilja fá að ræða við okkur um til dæmis eitt barn og oft eru það mál sem lesa má í skjölunum. Þá er bara ekki búið að lesa pappírana. Þá hef ég nú bara sagt heyrðu bíddu við lestu fyrst pappírana og síðan skulum við ræða saman. En sem betur fer eru einhverir sem skoða þá. Því þetta er botnlaus vinna sem leikskólakennarar leggja á sig til að skila pappírurum vel frá sér þá er voðalega leiðinlegt ef að þeir eru ekki nýttir.

Sömu sögu mátti heyra hjá Hlín þar sem hún sagði þetta „Mér skilst að gögnin hafi ekki endilega verið lesin í fyrra, þannig að þetta er botnlaus vinna fyrir leikskólakennara að vera að senda gögn með öllum leikskólabörnunum ef þau eru ekki einu sinni tekinn upp til lestrar.“

Það hafa því skapast umræða milli leikskólakennara hvernig ætti að standa að upplýsingaflæði fyrir næsta árgang. Þar sem þeim hefur fundist að gögnin hafa ekki verið nægilega nýtt miðað við alla þá vinnu sem lagt er í að útbúa þau.

4.3 Hvernig lítur starfsfólk leikskóla til framtíðar

Leikskólakennararnir voru á einu máli um það að áfram yrði unnið út frá skipulaginu sem sett var á laggirnar nú í haust. Jafnframt var það þeim hugleikið að kennarar í grunnskólunum kæmu í heimsókn í leikskólanna og kynntu sér það starf sem er gert í þeim. Því að í leikskólunum er líka fagmenntað fólk og leikskólarnir eru búnir að vera í mikilli vinnu hvað varðar læsi. Hlín sagði jafnframt þetta: „Ég myndi vilja að kennararnir horfðu meira til okkar leikskólakennarana, sérstaklega þegar það er verið að raða þeim í bekki eða kannski búið að prófa eitthvað með krakkana og líka þegar það er verið að kortleggja þau. Bara að grunnskólakennararnir kæmu meira og myndu tala við okkur og skoða okkar starf.“

Margrét og Hlín höfðu báðar á sínum starfsferli fengið eina heimsókn frá grunnskólakennara og fannst það mjög áhugavert. Eitt árið átti grunnskólakennari barn á

elstu deild í leikskólanum Drífukoti og ákváðu hún og Hlín að prófa að hafa vinabekk á milli skólanna. Þar heimsótti grunnskólabekkurinn, sem foreldri barnsins í leikskólanum kenndi, leikskólann og deildin sem Hlín var með fór og heimsótti bekkinn í grunnskólanum. Einnig var haldið sameiginlegt ball.

Viðmælendur í leikskólanum voru einnig á því að þeim þætti góður kostur ef Fellaskóli gæti einnig verið búin að skipuleggja fyrir vorskólann hvaða kennari tekur við þeim við upphaf skólagöngunnar um haustið. Það þótti þeim vera afar góður kostur; að börnin væru búin að fá að vita hver tæki við þeim, kynnast kennaranum aðeins og með því skapa meira öryggi á meðal barnanna. Þeir gerðu sér samt grein fyrir því að í stórum skóla væri þetta flókið en töldu samt að þetta væri kostur fyrir börn og foreldra barnanna. „Best væri náttúrulega að í vorskólanum fengu þau að kynnast kennaranum sem er að fara að vinna með þeim. Það væri alveg draumurinn, en það er of flókið,“ sagði Hlín.

4.3.1 Ánægja á meðal starfsmanna leik- og grunnskóla

Allir viðmælendur í leik- og grunnskólum voru ánægðir með samstarfið sem er á milli skólanna. Breyting frá því í haust hefur lagst vel í flesta og töldu þeir að betur væri hægt að skipuleggja það starf sem á að vera í vor- og haustskólanum og að kennararnir nái betur að ramma inn í skipulagið. Á fundum sem haldnir hafa verið er ekki annað að heyra en að allir séu sáttir með það fyrirkomulag sem ákveðið var að gera nú í haust þó í sjálfu sér hafi enginn verið óánægður með þá áætlun sem unnið var eftir hér áður. Viðmælendur töldu þó að það skref sem hefði verið tekið nú í haust hefði verið til bóta og að mikil ánægja virtist vera á meðal starfsfólks beggja skólastiganna.

Erfiðara hefur þó verið fyrir starfsmenn Fúruskóla að sætta sig við þær breytingar sem gerðar hafa verið. Þar á meðal er starfsfólk sem hefur verið í skipulagningu frá upphafi samstarfsverkefnisins Brúum bilið. „Ég var lang ánægðust með þetta þegar þetta var svona ört. Þá fannst mér ég vera líka að græða meira að fá krakkana, horfa á nemendur og nánast heilsa þeim með nafni þegar maður hitti þau,“ sagði Guðrún. Hér átti hún við að þegar hún og samstarfsfélagar hennar ákváðu að hafa heimsóknirnar fleiri. Hún sagði jafnframt að síðustu tvö ár hefði ekki verið unnið áfram með þessar öru heimsóknir eins og gert var áður.

Viðmælendur fundu fyrir ánægju og töldu að nýja fyrirkomulagið væri á réttri leið. Þeim fannst kvöðin vera minni og stundirnar skemmtilegri og kom fram að nú er starfsfólk orðið spenntara fyrir því að fara á næsta viðburð. Nína grunnskólakennari í Sunnuskóla hafði þetta meðal annars að segja:

Þetta er dásamlegur munur á þeirri breytingu sem gerð var núna í haust, ég heyri það á samstarfsfélögum mínum, þeim finnst þetta vera mun betra fyrirkomulag og finna mikinn mun. Þetta er ekki bara að auðvelda okkur starfsemina hér í

Sunnuskóla, heldur er þetta líka auðveldara fyrir starfsemina í leikskólunum ... því þetta sleit líka þeirra skipulag, að vera senda nemendur frá sér, þessa núna og aðra í næstu viku.

Margrét og Hlín sögðu að starfsfólk leikskólanna væri allt ánægt með samstarfið og að það gengi mjög vel. Allt starfsfólkið er jákvæðara fyrir heimsóknunum og telja þetta vera skemmtilegra núna fyrir alla.

Viðmælendur fundu líka fyrir ánægju með þær samverustundir sem settar voru á með þessu nýja fyrirkomulagi þar sem allir grunnskólanemendur í báðum skólunum og öll börn í leikskólunum fjórum hittast saman og töldu að allt svona samstarf skilaði sér í betri bæjarbrag. Heyra mátti í öllum samtölunum við viðmælendur, þar sem þeir komu inn á mikilvægi samstarfsverkefnisins, að það væri komið til að vera og þetta væri þáttur í samstarfi sem ekki mætti sleppa.

4.3.2 Þátttaka foreldra

Þegar viðmælendur voru spurðir út í það hvort þeim fyndist vera þörf á því að fá foreldrana meira inn í samstarfið töldu þeir ekki þörf á því. Guðrún sagðist ekki vera viss, en sagði að ef til vill mætti vera meiri upplýsingaflæði. Hún taldi að Fellaskóli væri með nóg af starfsfólki í skólanum þannig að það þyrfti eiginlega ekki mikið meira af fullorðnu fólki. „Foreldrarnir fá bara upplýsingar um það sem er í gangi, sjá myndir og þær segja oft meira en mörg orð. En foreldrarnir fá náttúrliga að vita um nestismál og svona ef börnin voru að fara í leikskólaheimsókn,“ sagði Guðrún.

Nínu fannst ekki þurfa að blanda foreldrunum meira inn í samstarfið og vissi ekki hvernig það ætti að vera:

Oft er þetta verra ef foreldrarnir eru á staðnum. Þá þurfa þau ekki að standa eins á eigin fótum. Maður sér, eins á og á þeim morgunstundum sem við höldum hér í skólanum eða þegar eitthvað er um að vera hjá okkur, þá eiga þau oft svo erfitt þegar það á að kveðja. Þannig held ég að ef foreldrar væru með þá myndi það oft bara gera hlutina erfiðari fyrir börnin.

Einnig sagði hún frá því að bekkjarkennararnir reyni að upplýsa foreldrana eins og þau geta í sambandi við samstarfið sem á sér stað milli leik- og grunnskólanna í Andabæ; láta vita af því sem um er að vera og hvert er verið að fara. Allir fáí póst og þar er farið yfir það sem verið er að gera. Nína sagði foreldra fá sérstaklega að vita ef það er verið að fara með börnin eitthvað út fyrir skólann og ef börn eru til dæmis að fara í heimsókn á gamla leikskólann sinn.

Margrét var nú ekki viss um það að gott væri að blanda foreldrum meira inn í samstarfið og taldi það auðveldara fyrir barnið ef foreldrarnir væru ekki með; fannst börnin þora meiru og láta sig meira hafa það heldur en ef foreldrarnir væru með. „Þau myndu kúpla sig til baka, held að skólaheimsóknirnar yrðu bara erfiðari fyrir marga,“ sagði hún.

Margrét taldi að það væri betra ef foreldrarnir myndu frekar æfa leiðina í skólann og fara á leikskvæðið á skólalóðinni. Með því myndu börnin verða öruggari. Hún talaði einnig um það að leikskólakennararnir í Bjarkarkoti aðstoðuðu til dæmis foreldra sem eiga börn með sérþarfir. Þá bjóðast þær til þess að fara með foreldrunum og skoða skólana og kynna þeim það sem báðir skólarnir hafa upp á að bjóða því það væri nauðsynlegt að styðja þau í þessu ferli. Þetta væri stór ákvörðun fyrir foreldra og oft bara mjög erfitt fyrir þá:

Börn fá náttúrliga ekki að fara í sérdeild nema með einhverjar tölur á bak við sig og þetta er náttúrliga val fyrir foreldra. Þannig að þetta er oft erfitt skref, að „barnið mitt þarf að fara í sérdeildina.“ En sérdeildin er svo flott, og börn geta verið í bekk en átt aðgengi að því að fara í sérdeildina.

Hlín var ekki viss hvort að hún teldi að gott yrði að blanda foreldrum inn í samstarfið og var ekki viss um hvernig það mætti blanda þeim inn í þetta. Hún sagði samt að þetta væri líka stórt skref fyrir foreldrana; að barnið þeirra væri að fara í skóla, þannig að ef til vill væri gaman ef þeir gætu gefið sér tíma til þess að taka þátt og var viss um að það væri einhver með hugmynd að því hvernig hægt yrði að fá foreldrana aðeins með.

4.3.3 Hugtakið Samfella að mati viðmælenda leik- og grunnskóla

Viðmælendur voru spurðir út í hugtakið samfella og hvernig þeir skilgreindu það hugtak. Margt kom fram þegar spurt var út í það þótt að hugtakið samfella hefði ekki oft komið fram í viðtölunum við viðmælendur.

Ætla mætti að meiri samfella myndaðist fyrir börnin út frá nýja fyrirkomulaginu, þar sem elstu börnin á leikskólanum færu í haustskóla og vorskóla, þar sem þau væru þátttakendur í skólastarfinu frá klukkan hálf níu til hálf tólf, heldur en þegar þau fóru aðeins í tvær heimsóknir fyrir áramót og tvær eftir áramót, eins og fyrirkomulagið var. Einnig má setja fram þá skilgreiningu að viðmælendur telja að með samfellunni sé verið að auðvelda börnunum flutninginn á milli skólastiganna með reglubundnum heimsóknum í skólann og fá tækifæri til þess að kynnast umhverfinu og þeim starfsháttum sem unnið er með í grunnskólanum.

Guðrún taldi að samfella væri þegar það væri verið að koma með börnin í skólaheimsóknir og gera börnin öruggari í umhverfinu sínu. Í skólaheimsóknum eru börnin í

leikskólanum að taka þátt í hluta úr skóladeginum og sjá hvernig hann er byggður upp. En með samfellu er verið að byggja upp á reynslu barnanna. Guðrún sagði:

Börnin koma inn í skólann jafnt og þétt og þau fá að kynnst því að þau eru með umsjónarkennara. Það eru síðan aðrir sem eru með þeim í frímínútum, þau fara í list- og verkgreinar og þar er annar kennari, þannig að þau sjá að það er ekki eins og í leikskólanum að þau eru með sama starfsfólkinu allan daginn. Hér erum við að byggja upp reynslu þeirra og gera þau öruggari þegar þau hefja skólagönguna að hausti. Því maður er svo mikið að hugsa um vellíðan þeirra, að þau finni fyrir öryggi.

Nína skilgreinir samfellu þannig að það sé ekki of mikið þrep á milli viðfangsefnanna í getu.

Á fyrsta stigi hvort sem það er í leikskóla eða skóla ... ekki hátt hopp í næsta og ekki heldur of mikið ... af endurtekningum á því sem er verið að gera. Frekar eðlilegur vaxandi ... í áherslum, þekkingu, getu og hæfni í því sem verið er að leggja fyrir. Þannig skilgreini ég hugtakið samfellu, ekki of mikið bil, ekki of lítið. Skólastigin verða að tala saman, að þú vitir hvað gerist á undan, hvað kemur á eftir. Þannig að þetta verði allt í eðlilegri samfellu.

Margrét skilgreinir samfellu eins og verkefnið Brúum bilið, í samstarfinu sem á sér stað í bæjarfélaginu. Að börnin fái tækifæri til þess að fara í heimsóknir og kynnst því sem fram fer í skólanum. Jafnframt talaði hún um að þegar börnin eru að færast á milli deilda í leikskólanum þá er verið að byggja ofan á reynslu þeirra, þannig að þau eru komin með ákveðin grunn þegar þau fara í skóla.

Þau eru farin að skrifa nafnið sitt og þekkja stafina. Aðeins komin upp á næsta skólastig þannig að þau byrji ekki á núllpunkti. En það er samt ekki gott ef þau eru komin of langt þegar þau byrja í skóla því þar byrja þau öll á sama stað. Þá verður þetta þínu leiðinlegt fyrir þau ... því þurfum við að finna svona millivegin.

Hlín hafði þetta að segja um hugtakið samfella: „Ég myndi segja að samfell væri eitthvað sem er saman... svona hnökralaust. Eitthvað sem tekur við.“

4.4 Baunabær

Hér verður gerð grein fyrir helstu niðurstöðum úr viðtölunum við þrjá viðmælendur í Baunabæ. Nafn bæjarins, skólum og nöfnum viðmælenda hefur verið breytt. Í Baunabæ er

starfræktur einn grunnskóli og tveir leikskólar. Grunnskólinn í rannsókninni heitir Birkiskóli og viðmælandinn í þeim skóla er umsjónarkennari í fyrsta bekk og fékk dulnefnið Fanney.

Í Baunabæ hófst samstarf árið 2000. Á þeim tíma var starfræktur einn grunnskóli og einn leikskóli í bæjarfélaginu. Árið 2007 var opnaður annar leikskóli í bæjarfélaginu og því varð samstarfið á milli tveggja leikskóla og eins grunnskóla. Frá því að bæjarfélagið hóf samstarfið hefur verið reynt að þróa það milli ára og hafa verið margskonar útfærslur á samstarfinu enda hefur skipulagið breyst hverju sinni eftir aðstæðum. Eitt árið voru skipulagðar þrjár heimsóknir fyrir börnin en yfirleitt hafa verið skipulagðar í tvær heimsóknir fyrir hvert barn að vori.

Skólaheimsóknir leikskólabarna hafa samt alltaf byrjað í janúar og staðið yfir til mars. Eitt árið fengu leikskólarnir að nýta húsnæði sem var undir dagvist þar sem leikskólarnir komu saman í hálfan mánuð til þess að leyfa leikskólabörnunum að blandast og kynnast svæðinu í kringum skólann. Nú er það húsnæði ekki lengur til umráða og því hefur ekki verið hægt að nýta þessa aðferð áfram.

Markmiðið með skólaheimsóknum er að stuðla að vellíðan og öryggi barna og foreldra þegar börnin flytja á milli skólastiga. Megintilgangur með samstarfinu er að skapa samfellu í námi barna, koma til móts við þarfir þeirra og stuðla að markvissari uppbyggingu á námi þeirra. Því er mikilvægt að gagnkvæmt traust sé á milli skólastiganna og að kennarar séu með gagnkvæma þekkingu og skilning á starfi og starfsaðstæðum hvers annars (Skólanámskrá leikskólanna).

Til þess að skólarnir nái settum markmiðum telja þau að mikilvægt sé að samræma þá vinnu sem unnin er með í leikskólanum og þar sem unnið er með í grunnskólanum. Að kröfur og væntingar um vinnubrögð, samskipti og nám séu ræddar og mótaðar þannig að öllum séu þau kunn. Fram kom í skólanámskrá annars leikskólans að ekki er gert ráð fyrir því að allt eigi að vera eins á báðum skólastigunum heldur að mismunurinn sé innan þeirra marka að hann valdi ekki óöryggi og kvíða hjá börnum og foreldrum þeirra (Skólanámskrá hjá viðmælanda).

4.4.1 Samstarfið

Í Baunabæ byrjar undirbúningurinn á því að skólastjórnendur, leik- og grunnskólakennarar hittast að vori og fara yfir samstarfið og hvernig því verði háttað næsta skólaár.

Í september fara nemendur sem voru að byrja í fyrsta bekk í heimsókn í sinn gamla leikskóla. Síðan hefst skólaheimsókn hjá elstu nemendum í leikskólunum í janúar og stendur fram í mars þar sem hvert barn í leikskólanum fær að fara í tvær heimsóknir á þessu tímabili og fara leikskólakennararnir með átta til níu börn í einu. Þar blandast þau með nemendum úr fyrsta bekk og eru þátttakendur í skólastarfinu. Í apríl er síðan fyrirhugaður vorskóli sem stendur í þrjá daga og þá tekur sá kennari á móti þeim sem áætlað er að muni kenna

börnunum við upphaf skólagöngunnar og sér um vorskólann. Á þeim tíma er gert ráð fyrir að þau börn sem eru í fyrsta bekk fari í eitthvað annað verkefni í skólanum. Samhliða því að leikskólabörnin fara í skólaheimsóknir hittast börnin í leikskólanum einu sinni í viku í íþróttahúsi bæjarins frá hausti fram á vor og taka þátt í sameiginlegri hreyfistund.

Tafla 3. Skipulag samstarfs í Baunabæ

September	Leikstjórastjórar sjá um að bjóða fyrsta bekk í heimsókn	Að heimsækja leikskólann og rifja upp minningar
Janúar til mars	Leik- og grunnskólar vinna saman	Árganginum skipt upp í 8 manna hópa þar sem þau fara í skólaheimsókn, hvert barn tvisvar sinnum frá janúar til mars
Apríl	Leik- og grunnskólar vinna saman	Vorskóli í þrjá daga

4.4.2 Áhrif á samstarfið

Leikskólastjórar í Baunabæ hafa samband við umsjónarkennara fyrsta bekkjar í september til þess að ákveða tímasetningu á heimsóknum sem grunnskólabörnin fá að fara í til þess að rifja upp minningar úr leikskólanum sínum. Í október boðar aðstoðarskólastjóri grunnskólans leikskólakennara sem starfa með elstu börnunum á leikskólanum á fund þar sem þeir hitta umsjónarkennara fyrsta bekkjar og skipuleggja þeir vetrarstarfið sem fram á að fara vegna skólaheimsókna elstu nemenda í leikskólanum. Börnin fá að koma í tvær skólaheimsóknir á tímabilinu janúar til mars þar sem átta börn koma í einu og blandast börnunum í fyrsta bekk.

Í viðtalinu við Fanney kom fram að í ár var ákveðið að útbúa samstarfsáætlun þar sem dagsetningar voru settar niður þannig að skipulagið yfir skólaárið væri tilbúið og ekki fari á milli mála hvenær eru heimsóknir á milli skólanna. Einnig að taldi hún mikilvægt að góð samvinna væri á milli leik- og grunnskóla og deila þeir verkefnum á milli sín í skólaheimsóknum. Síðan sagði Fanney: „Samvinnan er mjög góð á milli okkar og við deilum niður þeim verkefnum sem fyrirhuguð eru í heimsóknunum. Það eru ekki einungis við sem erum að undirbúa leikskólabörnin undir grunnskólann heldur eru leikskólakennarar einnig mikilvægir hlekkir í aðlögunarferlinu.“

Einnig mátti heyra í samtalinu við Fanney hvernig ákveðið var að bregðast við því að grunnskólakennurum þótti erfitt að fá skólahópa úr leikskólanum inn í bekk strax klukkan átta að morgni. Viðleitni starfsfólksins varð til þess að ákveðið var að kennari við skólann sem sérhæfir sig í núvitund var fenginn til þess að taka á móti hópnum og bjóða þeim í kennslustofu sem búið að er útbúa sem slökunarherbergi og vera með þeim fyrstu fimmtán

mínúturnar og leiða þau í gegnum smá öndun og slökun. „Þetta hefði ekki tekist nema með því að allir vinni vel saman,“ sagði Fanney.

4.4.3 Upplifun barna að mati grunnskólakennara

Heyra mátti á Fanney í grunnskólanum að börnin í fyrsta bekk hefðu mikla ánægju af því að fara að heimsækja gamla leikskólann sinn nú á haustmánuðum og fá að leika og rifja upp tímann úr leikskólanum. Það er eina skiptið þar sem nemendur í fyrsta bekk fá tækifæri til þess að fara í heimsókn í gamla leikskólann sinn, enda er dágóður spölur fyrir börnin að ganga yfir í leikskólanna og ekki fannst starfsfólki það vera möguleiki að ganga þá leið og of dýrt að fá rútu til þess að keyra börnin á milli. „Það hefur alltaf verið farið með rútu og börnin fengið að leika og rifja upp leikskólastarfið, förum með börnunum í leikskólanum í ávaxtastund og síðan hefur verið farið út að leika. Þetta er alltaf voðalega vinsælt,“ sagði Fanney.

Í grunnskólanum í Baunabæ er mikið lagt upp úr því að nemendur í fyrsta bekk fái hlutverk þegar börnin úr leikskólanum koma í skólaheimsókn. Þá er búið að biðja tvo til fjóra nemendur að vinna saman við að taka á móti tveimur leikskólabörnum og eiga að hugsa um þau á meðal á skólaheimsókninni stendur. Gengið er út frá því að börnin í fyrsta bekk séu góðar fyrirmyndir og sýni hvernig fyrirkomulagið er í skólanum og hvernig á að haga sér. Fanney sagði svo: „Grunnskólanemendurnir eru líka beðnir að taka leikskólavininn með sér út í frímínútur og fara með þeim í leiki. Við göngum svolítið út frá því að börnin í fyrsta bekk séu góðar fyrirmyndir, passi upp á leikskólavininn og beri smá ábyrgð, þetta hefur gengið mjög vel hjá nemendum.“

Aðalmarkmið með skólaheimsóknunum er að börnin í leikskólanum læri að þekkja umhverfið í skólanum og finni um leið til öryggis. Börnin koma í heimsókn í skólann og sjá hvernig kennslustund fer fram og taka jafnframt þátt. Þau fá að fara í list- og verkgreinar þar sem þau vinna ákveðið verkefni sem þau fá að klára og taka með sér heim. Það er því ljóst að nemendur fá tækifæri til þess að upplifa hvernig skóladaðurinn er. Fanney sagði enn fremur:

Aðaláherslan er að þau læri á umhverfið og þau finni að þau eru örugg. Að þau hugsi í sumar að „ég er að fara að byrja í skóla og stofan mín lítur svona og svona út.“ Við viljum að þau séu búin að venjast umhverfinu, búin að fara í útivist og bara venjast því að vera í skólastofunni.

Börnin úr leikskólanum voru afar áhugasöm um að taka þátt í skólastarfinu og fannst merkilegt að fá verkefnabækur og að sitja við skólaborð. Í þessu samhengi sagði Fanney:

Hvert barn fær að koma í tvær skólaheimsóknir, fyrst vorum við með skólabók þar sem allir sátu við skólaborð ... og þetta fannst börnunum mjög merkilegt. Í

seinni hlutanum í heimsókninni vorum við með stærðfræðistöðvar, allir fengu að spila og vinna saman, svona meira hlutbundið.

4.4.5 Upplýsingaflæði

Fanney taldi að upplýsingaflæðið á milli skólastiganna væri gott og taldi mikilvægt að upplýsingar um fyrra nám kæmu fram. Grunnskólinn hefur því verið að leggja sig fram við að halda áfram með það nám sem átt hefur sér stað í leikskólunum. Því fóru grunnskólakennarar á námskeið nú í haust og kynntu sér námsefni sem leikskólarnir hafa verið að vinna með. Þeir hafa verið að vinna með vináttuverkefnið Blæ og einnig með námsefni sem heitir Lubbi finnur málbein, þar sem farið er yfir íslensku máhljóðin. „Við höfum verið að halda áfram með það nám sem þær eru byrjaðar að vinna með í leikskólanum,“ sagði Fanney.

Fanney talaði einnig um að það væri svo auðvelt að vera í sambandi í dag þótt það væru endilega ekki fundir því það væri lítið mál að hringja eða senda tölvupóst. Reglulega væru þó haldnir fundir þar sem farið er yfir skipulagið á samstarfinu, hvernig heimsóknirnar hafa gengið og síðan væru haldnir skilafundir áður en leikskólabörnin hefja skólagöngu sína. Þar er farið yfir barnahópin og fengin gögn um einstaklinga ef þau eru með einhverja pappíra á bak við sig. Fanney sagði: „Við höfum reynt að taka leikskólana í sitthvoru lagi og farið yfir börnin sem eru að koma úr hverjum leikskóla og fengið gögn.“

Jafnframt talaði Fanney um það að lítið mál væri að hitta leikskólakennarana aftur ef þess þyrfti og bjóst við því að þurfa að hitta þá aftur núna og fá upplýsingar og sagði að það væri alderi neitt mál ef eftir því væri óskað.

4.4.6 Framtíðarsýn

Heyra mátti á Fanney að hún telji að heimsóknir grunnskólabarna í gamla leikskólann sinn mættu vera fleiri. Með þeim hefðu börnin tækifæri til halda í minninguna úr leikskólanum sem þau hefðu verið á og fái tækifæri til að rifja upp og leika sér. Þetta hafi verið skemmtilegar heimsóknir og gengið vel. Hún sá fyrir sér að ef það væri styttra að fara á milli leikskólanna og grunnskólans þá væri hægt að senda færri börn í einu í stað þess að senda þau öll í einu og þannig gætu heimsóknirnar verið fleiri. Fanney fannst líka að það mætti auka samstarf á milli leikskólanna þar sem þetta væri ekki það stórt bæjarfélag en fannst oft á tíðum að börnin þekktust ekkert við upphaf grunnskólans. Fanney fannst einnig skipta máli að hún hefur starfað á leikskóla þannig að hún hefur þekkingu af báðum skólastigunum sem hún telur vera afar mikilvægt. Að þekkja sjónarhorn beggja skólastiga er mjög mikilvægt enda sér hún það fyrir sér að það væri spennandi kostur ef hægt væri að láta leikskólakennara fylgja börnunum upp í fyrsta bekk. Því það væri mikill styrkur að hafa einhvern sem þekkir hópinn. Henni fannst spennandi ef það væri hægt að fara á milli

skólastiga þar sem grunnskólakennari gæti farið í leikskólann og leikskólakennarinn farið í grunnskólann. Síðan sagði hún: „Það væri góð tilbreyting, við gætum líka farið hér úr grunnskólanum, en eflaust er þetta eitthvað launamál þannig að ég veit ekki alveg hvernig þetta virkar. En mér finnst þetta nokkuð spennandi kostur.“

4.5 Leikskólarnir

Hér verður gerð grein fyrir niðurstöðum úr viðtölum við tvo leikskólakennara. Þeir starfa báðir á deild þar sem nemendur eru á elsta ári í leikskólunum. Nöfnum viðmælenda og leikskólanna hefur verið breytt og hafa leikskólakennararnir fengið nöfnin Sólveig sem starfar á leikskólanum Brekkukoti og Ásta sem starfar á leikskóla sem fékk nafnið Brúarkot.

4.5.1 Praktískar lausnir

Í Baunabæ var gerð breyting á skólaheimsóknunum nú í vetur þar sem ákveðið var að leikskólakennarar skyldu einnig koma með verkefni þegar börnin koma í skólaheimsóknir. Ákveðið var að grunnskólakennararnir skipulögðu tvö verkefni og einnig skyldu leikskólakennararnir koma með tvö verkefni. Þetta þótti báðum viðmælendum í rannsókninni kostur og töldu að það væri jákvætt að verið sé með leikskólanálgun á verkefnin líka. Áður fyrr sáu grunnskólakennararnir um verkefnin.

Sólveig og Ásta nefndu líka að ákveðið hefði verið að aðili innan skólans tæki á móti börnunum þegar þau kæmu upp í grunnskólann og færu með þau í rými sem kallast Búbbliann sem er lítið kennslurými þar sem kennarar og nemendur skólans fara í jóga og slökun. Það hefði hentað vel leikskólahópnum sem og nemendum í fyrsta bekk. Þessi breyting var gerð vegna þess að grunnskólakennurum fannst gott að geta tekið á móti sínum nemendum fyrst og undirbúið þau fyrir komu leikskólabarnanna áður en þau kæmi inn í kennslustofuna. „Þetta hentaði mjög vel á báða bóga að við myndum byrja í Búbbliunni þar sem við hlustuðum á jógatónlist og þar var lesinn jógasaga eða við leidd í gegnum öndun og slökun. Með þessu kom leikskólahópurinn rólegur og yfirvegaður inn í kennslu,“ sagði Sólveig.

4.5.2 Upplifun barna að mati viðmælenda

Sólveig og Ásta töldu mikilvægt fyrir nemendur að fá tækifæri til þess að kynnst umhverfi skólans sem mundi um leið veita þeim öryggi. Báðir leikskólarnir nýta sér húsnæði sem ein félagasamtök í bæjarfélaginu eiga og er staðsett skammt frá grunnskólanum. Skólarnir fara báðir þangað með elstu nemendur skólans einn dag í viku þar sem svæðið í kring er nýtt sem útikennslusvæði. Þar fá börnin tækifæri til þess að kynnst umhverfinu í kringum skólann, fyrirtækjum og mannlífinu þar í kring. Þetta töldu þær að hjálpa börnunum við upphaf skólagöngunnar þar sem þau hafa verið þar einn dag í viku allt árið fyrir skólagöngu.

Í báðum viðtölunum leiddist samtalið út í það hvort að skólaheimsóknir hjálpuðu börnum við upphaf skólagöngunnar og voru þær á sama máli; að börnin kæmu öruggari í skólann og hefðu einhverja hugmynd um það hvernig skóladagurinn fer fram. Þau fái að kynnst því að sitja við skólaborð og vinna verkefni. Ásta sagði:

Þau fóru í stærðfræði í síðustu skólaheimsókn, sátu við borð og leystu verkefni síðan fengu þau ávexti og fóru í framhaldi í frímínútur. Í næstu skólaheimsókn fóru þau í list og verkgreinar og fengu líka að fara á bókasafnið, þannig að þau hafa fengið að sjá hvernig dagurinn gengur fyrir sig.

Sólveig var á því að skólaheimsóknir hjálpi börnum við flutninginn á milli skólastiga og veiti börnunum öryggi. Hún segist sjá, þegar hún er með börnunum í skólaheimsóknum, hversu ólík börnin geti verið; sumir eru mjög öruggir með sig á meðan aðrir sýna óöryggi og þurfa meiri aðstoð. Sólveig sagði: „Skólaheimsóknir hjálpa börnum tvímælalaust, undirbúa þau og þau læra að þekkja skólaumhverfið. Einstaklingar eru mjög misjafnir og maður sér hvað sumir eru öruggir og aðrir ekki, þannig að þetta hjálpar í alla staði.“

Viðmælendur voru einnig á því að skólaheimsóknirnar undirbúi börnin fyrir skólagönguna, sérstaklega vorskólinn þar sem börnin fara í þrjá daga í röð, mæta í grunnskólann strax um morguninn og eru þar fram að hádegismat. Með vorskólanum geri börnin sér meira grein fyrir því hvernig er að vera í skólanum.

4.5.3 Upplýsingaflæði á milli skólastiga

Starfsfólk leikskólanna taldi að allar upplýsingar kæmust til skila. Tölvupóstur væru sendir á milli starfsmanna, til dæmis til að boða til funda og einnig ef það er eitthvað annað sem þarf að ræða. Rétt áður en viðtölin voru tekin var nýbúið að senda tölvupóst til starfsfólksins á elstu deild leikskólanna og voru þeir beðnir um að koma með verkefni til þess að vera með í skólaheimsóknum. „Já, það eru alltaf góð samskipti á milli,“ sagði Sólveig.

Í viðtölunum leiddust samræðurnar út í það hvort upplýsingar, sem safnað hefur verið um börnin í leikskólanum, komist til skila til grunnskólans og ef svo hvernig væri farið með þau. Sólveig og Ásta sögðu að á vorin væru haldnir skilafundir þar sem farið er yfir nemendur og á þeim afhenda þeir grunnskólakennurunum þau gögn sem þurfi að fylgja með börnunum. Sólveig sagði: „Það eru skilafundir með þeim kennurum sem taka við, við förum yfir nemendurna þannig að kennarinn viti svona nokkurn veginn hvernig hópurinn væri ... svona hvernig einstaklingarnir væru ...“

Samkvæmt Ástu er mikilvægt að ekki væri verið að skila skriflegum gögnum með börnum nema að þau væru með einhverskonar greiningarpappíra. Að hennar mati fannst henni að börn ættu að fá tækifæri til þess að byrja skólagönguna á sínum forsendum en ekki með mat frá öðrum um hvernig einstaklingar þeir væru. Síðan sagði hún:

Við reynum að frekar að leyfa þeim sem ekki eru með einhverjar greiningar ... að svona ... við skilum þeim náttúrlega á fundi ... segjum frá þeim og svona ... en við viljum bara svolítið að þau fái að núllstilla sig ... skilurðu. Fáir bara að byrja ... það sé ekki búið að ákveða fyrir fram ... við gerum það svolítið hér ... sendum ekki nema það séu greiningar eða einhverjar sérþarfir sem þarf svona ... að taka tillit til.

4.5.4 Þátttaka foreldra

Þátttaka foreldra taldi Fanney vera óþarfi og sagði jafnframt: „Það væri náttúrlega voða erfitt, þannig að ég sé það ekki alveg fyrir mér.“ Hún taldi samt að mikilvægt væri fyrir foreldra að fá upplýsingar og að það væri sendur út föstudagspóstur til þess að upplýsa foreldra um skólastarfið og að þar kæmi allt fram sem við kemur skólastarfinu.

Sólveig á Brekkukoti sagði að það hefði verið kynningarfundur í janúar fyrir foreldra til þess að upplýsa þau um hvernig skólaheimsóknunum yrði háttað. Hún taldi að alltaf væri gott að eiga í samstarfi við foreldra en taldi að það væri ekki gott að blanda þeim inn í skólaheimsóknirnar. „Samstarfið eins og það er núna gengur mjög vel, er bara spá í að ég held að þetta myndi bara flækja fyrir börnunum. Skilurðu? Verða oft meira til baka svona þegar foreldrarnir eru með,“ sagði Sólveig.

Hún telur að börnin þekkja leikskólakennarana mjög vel og treysta þeim, til dæmis í skólaheimsóknunum. Foreldrarnir koma með börnin upp í skóla þar sem þær taka á móti þeim. Sólveig sagði samt að þetta væri mjög góður punktur samt, því þetta væri náttúrlega líka viðbrigði fyrir foreldrana og að það væri mikilvægt að þeir fái tækifæri til þess að vera þátttakendur. „En ég hef bara aldrei velt þessu fyrir mér,“ sagði hún.

Ásta sagði foreldrana fá upplýsingar um samstarfið og þá dagskrá sem væri búíð að skipuleggja. Hún var þó ekki viss um hvort það ætti að blanda foreldrum meira inn í samstarfið og sagði þetta væri flott eins og þetta væri núna, að hennar mati. Ásta sagði þá fá að fylgjast með hvað verið væri að gera og börnin byrja alltaf upp í grunnskóla strax á morgnanna þannig að þau koma með börnin upp í skóla til okkar. „Svo geta þau alltaf komið og eða hringt í okkur ef eitthvað er. Svo þegar þau sækja börnin þá er farið yfir með þeim hvernig gekk í skólaheimsókninni,“ sagði Ásta.

Enda taldi Ásta það væri fínt fyrir foreldra að vita hvernig þetta gengi.

4.5.5 Framtíðarsýn

Sólveiga og Ásta höfðu ekki sömu sýn á það hvernig þær vildu að samstarfið yrði í framtíðinni. Ásta sá fyrir sér að hægt væri að fá að fylgja börnunum úr leikskólanum upp í grunnskólann og fá að vera þar sem aðstoðarkennari. Hún vonaðist eftir því að það myndi gerast í framtíðinni en hvernig útfærslan yrði átti hún erfitt með að átta sig á. Enda þyrftu að vera einhver skipti á starfsmönnum á milli leik- og grunnskóla. Hún taldi þetta vera mikinn styrk fyrir börnin og sagði: „Þetta segir mér að þetta væri styrkur fyrir þau, maður er náttúrulega búin að vera með þeim í fjögur á og fylgja þeim eftir væri mikill kostur.“

Sólveig hafði ekki gert sér neina hugmynd að framtíðarsýn milli leik- og grunnskóla. Eftir smá umhugsun sá hún fyrir sér að það yrði meira samstarf á milli skólastiganna og að grunnskólinn kæmi oftar í heimsókn í leikskólana. Einnig telur Sólveig að áhugavert væri að leikskólarnir og fyrsti bekkur í grunnskólanum myndi hittast á ákveðnu svæði í bænum og þar hefðu börnin tæki færi á að blandast og kynnast. „Það væri líka gaman að hittast öll saman á tilteknu svæði í bænum og við myndum bara gera eitthvað skemmtilegt saman. Fara í útivist eða eitthvað.“ Sólveig og Hlín sögðu báðar að það væri samt undir þeim komið að auka samstarfið.

4.6 Ánægja meðal starfsmanna

Viðmælendurnir þrír voru mjög ánægðir með það sem unnið var með í Baunabæ og töldu að samstarfið væri búíð að þróast og það væri allt í rétta átt. Það væri alltaf verið að þróa og bæta til þess að finna flöt sem hentar öllum og að það væri að takast núna. Þetta væri mynstur sem hægt væri að ganga að á næsta skólaári. Sólveig sagði: „Kannski er þetta mér hugleikið núna og ég mér finnst þetta hafa verið góð þróun síðan ég var í þessu síðast ... allt í betri átt og ég er mjög ánægð með þennan flöt sem er núna á þessu.“ Þeim fannst vel staðið að þessu og að allir væru að vinna vel saman.

4.6.1 Samfella

Viðmælendur voru spurðir út í hugtakið samfella og hvernig þeir skilgreina það hugtak. Margt kom fram þegar spurt var út í það þó að hugtakið samfella hefði ekki oft komið fram í viðtölunum við viðmælendur. Fanney skilur samfellu þannig að það sé áframhald af einhverju, að þetta væri brú.

„Eins og við hér í grunnskólanum erum að afla okkur þekkingar á Lubba og vináttuverkefninu þá erum við að reyna að halda áfram með það nám sem börnin þekkja úr leikskólanum og byggja ofan á það. Að við séum að tala sama málið og berum virðingu fyrir störfum hvors annars, ég held að það skipti öllu máli.“

Sólveig telur að það sé eitthvað sem gerist, að þetta væri auðveld og eðlileg breyting. Að allt gangi vel fyrir sig.

Ásta talaði að um að það væri samfellt eða stöðugt, stöðuleiki í því sem verið er að gera með framförum. Vera óhræddur við að gera nýjungar eða það sem hentar hverju sinni. Vera ekki fastur í sömu hjólförunum þar sem byggt yrði ofan á fyrri reynslu. Enda finnst henni það vera það skemmtilega við starfið að þróa sig áfram og byggja ofan á þá reynslu sem maður kann.

4.7 Samantekt

Í þessum kafla hefur verið gerð grein fyrir niðurstöðum úr sjö viðtölum sem tekin voru við þrjá grunnskólakennara og fjóra leikskólakennara í tveimur bæjarfélögum. Í báðum bæjarfélögum er lögð áhersla á samstarf milli leik- og grunnskóla.

Í Andabæ byrja börnin strax í október í skólaheimsóknum í þann skóla sem þau sækja um haustið, þar sem nemendur fara í þrjá daga, frá klukkan hálf níu til hálf tólf. Á sama tíma fara nemendur í fyrsta bekk í litlum hópum þar sem þeim er skipt niður á milli þessara þriggja daga í heimsókn í sinn gamla leikskóla. Tvisvar á skólaárinu eru skipulagðar samverustundir á milli haust- og vorskóla þar sem nemendur í báðum grunnskólunum og öllum fjórum leikskólum bæjarins koma saman. Börnin enda síðan á sameiginlegum Húllum-hæ degi þar sem þau gera sér glaðan dag í náttúrunni, grilla pylsur og hafa gaman.

Í Baunabæ fara nemendur í fyrsta bekk í heimsókn í sinn gamla leikskóla í september þar sem þeir rifja upp gömlu stundirnar í leikskólanum og fá að fara í frjálstan leik. Í janúar til mars standa yfir skólaheimsóknir þar sem sjö til átta börn fara í heimsókn í fyrsta bekk og fá að taka þátt í kennslustund með börnum þar. Börnin fara síðan í vorskóla í þrjá daga og eru þá saman allir þeir nemendur sem byrja í skóla um haustið. Þar blandast nemendur því ekki með nemendum úr fyrsta bekk sem er ólíkt því sem er gert í Andabæ.

Allir viðmælendurnir voru sammála því að samstarf væri mikilvægur þáttur þar sem markmiðið væri að byggja upp öryggi nemenda fyrir skólaumhverfinu og því starfi sem fram fer í skólunum. Eins voru allir viðmælendur ánægðir með það samstarf sem er verið að vinna eftir þótt að einn hefði viljað sjá meira samstarf og fleiri heimsóknir sem börnin úr leikskólanum kæmu í. Gaman var að heyra að fjórir viðmælendur, tveir í hvoru bæjarfélagi, sáu fyrir sér að meira flæði væri á kennurum á milli skólastiga þannig að starfsmenn gætu fært sig á milli skólastiganna. Þannig mætti auka en fremur öryggi barna við flutninginn.

5 Umræða

Markmiðið með þessari rannsókn var að kanna viðhorf leik- og grunnskólakennara til samstarfs milli skólastiganna í tveimur bæjarfélögum á Vesturlandi. Einnig langaði rannsakanda að sjá hvað önnur bæjarfélög eru að gera hvað varðar samfellu á milli skólastiga; hvernig þeir skipuleggja samstarf og hvaða aðferðir eru notaðar, eða hvort sveitar- og bæjarfélögin séu að vinna að samfellu á milli skólastiga á sambærilegan hátt eða hvort að ólíkar aðferðir séu notaðar.

Í þessum kafla verður farið yfir helstu niðurstöður úr rannsókn þessari ásamt því að skoða þær í fræðilegu samhengi. Til þess að varpa ljósi á samstarf leik- og grunnskóla í tveimur bæjarfélögum á Vesturlandi voru tekin sjö viðtöl við þrjú grunnskólakennara og fjóra leikskólakennara í tveimur bæjarfélögum.

Rannsóknarspurningarnar sem leitast var við að svara voru:

- Hvernig er staðið að samstarfi milli leik- og grunnskóla í tveimur bæjarfélögum?

Undirspurningar voru:

- Hvert er viðhorf starfsfólks til samstarfsins?
- Hver er framtíðarsýn starfsfólks á samfellu?

5.1 Samstarfið

Í báðum bæjarfélögunum sem tóku þátt í rannsókn þessari er lögð áherslu á það að vel sé staðið að samstarfi og að starfsmenn beggja skólastiganna komi að því að skipuleggja það samstarf sem á að vera yfir skólaárið. Í Andabæ og Baunabæ er reynt er að komast að sameiginlegum niðurstöðum um hvernig samstarfinu sé háttað og hvað varðar tímasetningar og skipulag á heimsóknum.

Viðmælendur í Andabæ sögðu að til þess að stuðla að samstarfi milli leik- og grunnskóla í Andabæ boðar yfirmaður skóla og frístundaráðs til fundar kennara í fyrsta bekk í grunnskólunum tveimur sem starfrækir eru í bæjarfélaginu og einn leikskólakennara sem starfar með elstu nemendum hvers leikskóla, en eins og áður hefur komið fram starfa fjórir leikskólar í Andabæ. Á fundinum rætt er um skipulag á samstarfi milli leik- og grunnskóla og reynt að komast að niðurstöðu um það hvernig allir aðilar geti verið sáttir með það sem gert er. Breytingar voru gerðar í Andabæ haustið 2017 og virðast flestir vera ánægðir með þær. Í ár er bæði haustskóli og vorskóli þar sem elstu börnin á leikskólanum koma í skólaheimsókn í þrjú daga, tvo og hálfan tíma í senn. Þess á milli eru samverustundir þar sem leik- og grunnskólinn skiptist á að skipuleggja þær stundir. Einnig hafa grunnskólabörnin fengið að fara í eina leikskólaheimsókn í haustskólanum og í aðra heimsókn í vorskólanum.

Í Baunabæ hafa skólastjórnendur, grunnskólakennari sem er með fyrsta bekk og leikskólakennarar frá sitthvorum leikskólanum mælt sér mót og farið yfir það skipulag sem á að vera í skólaheimsóknunum í þeirra bæjarfélagi. Þar byrja skólaheimsóknirnar á því að börnin í fyrsta bekk fara að hausti í heimsókn á gamla leikskólann sinn. Í janúar fara elstu nemendurnir í leikskólanum í skólaheimsóknir og fær hvert barn að fara í tvær heimsóknir á tímabilinu janúar til mars. Í apríl er síðan vorskóli þar sem öll börnin sem eru að hefja skólagöngu fara saman í skólann og þar tekur á móti þeim sá kennari sem kennir þeim í fyrsta bekk. Á sama tíma fara börnin sem eru í fyrsta bekk á annað svæði í skólanum þannig að börnin blandast ekki í þeim heimsóknum. Í báðum bæjarfélögum er því farið eftir grunnskólalögum þar sem kemur fram að koma eigi á samstarfi milli leik- og grunnskóla (lög um grunnskóla).

Allir viðmælendur voru á einu máli um það að samstarfið væri mikilvægt og væri þáttur sem ekki mætti sleppa. Bæði bæjarfélögin vinna að samstarfi milli skólastiga eins og þeim er skylt að gera samkvæmt lög og reglugerðum. Í báðum bæjarfélögum fara börnin í skólaheimsóknir en samstarfið byrjar strax um haustið þar sem nemendur byrja í haustskóla og fara í reglulegar söngstundir þar sem allir leik- og grunnskólar bæjarins hittast. Í framhaldi fara þau í vorskóla og síðan endar samstarfið á Húllum-hæ degi þar sem allir leik- og grunnskólar gera sér glaðan dag. Í Baunabæ hefst samstarfið ekki fyrr en í janúar og fara leikskólabörnin þar í tvær skólaheimsóknir áður en þau fara í vorskóla. Leikskólabörnin í báðum leikskólunum hittast þar að auki einu sinni í viku í íþróttahúsi bæjarins. Í Andabæ fá nemendur líka að fara í leikfimi í íþróttahúsi bæjarins en vegna fjölda barna fara leikskólarnir ekki saman og þar af leiðand hittast nemendur ekki í þeim stundum.

Þessar niðurstöður eru í samræmi við niðurstöður rannsóknar Broström (2003), Jóhönnu Einarsdóttur (2007) og gerðar G. Óskarsdóttur (2012) um að öll samræða og samvinna um tengsl leik- og grunnskóla snúist mest um ytra skipulag og hvernig eigi að standa að framkvæmd hvað varðar skólaheimsóknar og minna fari fyrir kennslufræðilegu samtali.

Samkvæmt aðalnámskrá leikskóla (2011) kemur fram að viðhalda eigi góðum tengslum við leikskólann eftir að grunnskólanám hefst. Að mati grunnskólakennara sem tóku þátt í rannsókninni er ekki staðið nægilega vel að því að halda góðum tenglum við leikskólann og auka mætti heimsóknir þangað. Þessar niðurstöður eru í samræmi við niðurstöður rannsóknar Jóhönnu Einarsdóttur (2004) þar sem hún talaði um að skólaheimsóknir snérust aðallega um heimsóknir leikskólabarna þar sem þau fengu tækifæri til þess að aðlagast skólaumhverfinu.

5.2 Upplifun barna að mati viðmælenda

Skólaheimsóknir hafa mikla þýðingu fyrir nemendur og eru viðmælendur á einu máli um að þær hjálpi þeim við upphaf skólagöngunnar. Í þeim læra börn að þekkja skólaumhverfið og kynnast skólalóðinni þar sem þau fá að vera þátttakendur með eldri nemendum í frímínútum. Einnig fá nemendur að vinna ýmis verkefni í skólaheimsóknunum en með því fá þau innsýn í það hvernig kennslustund fer fram, þó ekki sé litið á heimsóknirnar sem vettvang til þess að auka þekkingu þeirra með námi. Rannsóknir hafa sýnt að skólaheimsóknir snúast gjarnan ekki um nám barnanna heldur aðallega um ytri þætti skólastarfsins (Dockett og Perry, 2007 og Jóhanna Einarsdóttir 2004). Sama má segja um niðurstöður úr öðrum rannsóknum eftir þær Jóhönnu Einarsdóttur (2007) og Gerði G. Óskarsdóttur (2012) sem sýna fram á það að samvinnan sem á sér stað milli leik- og grunnskólakennara sé einnig sú að aðallega sé verið að huga að ytra skipulagi sem á sér stað en ekki um nám barnanna. Þessar niðurstöður eru í samræmi við niðurstöður úr þessari rannsókn þar sem áhersla skólanna snéri að því að börnin myndu læra að þekkja umhverfið og finna fyrir öryggi í skólaumhverfinu. Börnin í leikskólunum í Andabæ fá einnig boð á ýmsa viðburði í skólunum, til dæmis á árshátíðir og söngstundir sem skólarnir halda. Þar fá leikskólabörnin tækifæri til þess að vera þátttakendur í starfi skólanna.

Kenningar Bronfenbrenners, þar sem hann talar um vistkerfin og að barnið sé hluti af nærkerfinu, millikerfi sem feli í sér einhverskonar samskipti á milli heimilis og skóla eða leik- og grunnskóla sem eiga í samskiptum og skapa vettvang til þess að vinna saman. Mikilvægt er því að halda samstarfinu áfram og tryggja að vel sé staðið að því. Börnin séu öruggari við upphaf skólagöngunnar og eru með félagu úr leikskólanum sem hefur áhrif á öryggis-tilfinningu þeirra við upphaf skólagöngunnar. Þessir þættir hafa því mikla þýðingu gagnvart nemendum og þurfa kennarar að huga að því við skipulagningu á samstarfinu.

Í aðalnámskrá leik- og grunnskóla er fjallað um að börn fái að fara í skólaheimsóknir til þess að kynnast húsnæði, kennurum og nemendum skólans. Það sama kemur fram í bókinni Lítil börn með skólatöskur eftir Jóhönnu Einarsdóttur (2007); til þess að brúa bilið milli leik- og grunnskóla fá leikskólabörnin kynningu á grunnskólanum, til dæmis með skipulögðum skólaheimsóknum.

Fanney grunnskólakennari í grunnskólanum í Baunabæ talaði um að börn kæmu betur undirbúin við upphaf skólagöngunnar heldur en fyrir svona tíu til fimmtán árum síðan. Þannig telur hún að það sé unnið mjög gott starf í leikskólunum. Í Baunabæ hafa leikskólarnir unnið með námsefnið Lubba í leikskólunum og einnig með vináttuverkefnið Blæ. Því höfðu nokkrir kennarar í grunnskólanum ákveðið að fara á námskeið og læra um námsefnið til þess að geta nýtt það í skólanum. Með því verður hægt að halda áfram með það nám sem börnin þekkja í grunnskólanum.

Óhætt er að segja að með skólaheimsóknum sé verið að styðja við kenningar heimspekingsins Johns Deweys þar sem hann talaði um óslitinn þráð reynslunnar eða samfelluna í reynslunni. Dewey talaði um það að taka mið af þekkingu og reynslu barna sem þau hefðu tileinkað sér og að síðan yrði byggt ofan á þá þekkingu (Dewey 1910; 2000). Peters (2000) hefur talað um það að börn eigi ekki að finna fyrir miklum breytingum á námi sínu þegar þau fara úr leikskóla í grunnskóla því það eigi að mynda eðlilegt flæði í námi þeirra á milli skólastiganna.

Í Baunabæ eru kennarar í grunnskólanum að nýta það nám sem börnin þekkja nú þegar og halda því áfram með það nám þegar í skólann kemur. Leikskólakennarar í Andabæ höfðu aðra skoðun, því í viðtölunum sem tekin voru fyrir rannsókn þessa mátti heyra á viðmælendum sem störfuðu í leikskólunum að grunnskólakennarar mættu nýta sér betur þá þekkingu sem unnið er með í leikskólanum og halda þannig áfram með það nám sem byggt er á þar. Margrét leikskólakennari á Bjarkarkoti sagðist vera búin að vinna á leikskólanum í fimmtán ár og einu sinni á þessum árum hafi komið grunnskólakennari til hennar og skoðað starfið sem á sér stað í leikskólanum. Þetta kemur heim og saman við þær niðurstöður í rannsókn Jóhönnu Einarsdóttur (2007) að lítið sé um það að grunnskólakennarar heimsæki leikskólana og kynni sér þá starfshætti sem þar tíðkast. Því er samstarfið aðallega þannig að leikskólarnir heimsækja grunnskólana og kynna sér það starf sem er þar fer fram. Ef til vill væri því gaman að sjá að bæjarfélögin í þessari rannsókn skoðuðu þá útfærslu að fjölga heimsóknum á leikskólastigið þar sem grunnskólakennarar myndu kynna sér starfshætti leikskólakennara og það starf sem þar fer fram.

Kennararnir í grunnskólunum í báðum bæjarfélögum töluðu um það hvað nemendurnir voru fljótt farnir að fjarlægjast leikskólann og að það mættu vera fleiri heimsóknir í leikskólann. Ef til vill mæti vera meira lagt upp úr því að börn í fyrsta bekk fái tækifæri til þess að fara og heimsækja sinn gamla leikskóla. Einnig getur verið áhugavert að leikskólarnir færu í heimsóknir þegar frímínútur væru í skólanum. Þannig gætu leikskólabörnin fengið aukið tækifæri til þess að læra á umhverfið og jafnvel verið þátttakendur með eldri börnum í leik. Hér væri því verið að styrkja vináttusambönd við eldri nemendur sem myndi ef til vill styrkja öryggi barnanna þegar skólaganga hefst.

Meira er lagt upp úr því að leikskólabörnin fari í heimsókn í þann grunnskóla sem þau fara í næsta skólaár heldur en að grunnskólabörnin fái að heimsækja sinn gamla leikskóla. Í Baunabæ hafa nemendur fengið að fara í eina heimsókn í september en hafa ekki fengið fleiri tækifæri til heimsókna. Þó hafa börnin í Andabæ fengið að fara í leikskólaheimsókn í september og aftur í apríl. Má segja að börnin í báðum bæjarfélögum hefðu mátt fá fleiri tækifæri til að viðhalda góðum tenglum við leikskólann.

Samverustundirnar sem haldnar voru í Andabæ, þar sem leik- og grunnskólanemendur komu saman, eru líklegar til að auka líkur á samskiptum barnanna þar sem tækifæri gefst til þess að blanda nemendum saman. Í skýrslu OECD kom einmitt fram að þáttaskil eigi að vera styðjandi og áhyggjulaus reynsla þar sem börnin eiga að getað aðlagast skólaumhverfinu (OECD, 2017).

5.3 Upplýsingaflæði

Samkvæmt 16. grein leikskólalaga kemur fram að persónuupplýsingar sem liggja fyrir um hvert einstakt barn í leikskóla séu nauðsynlegar fyrir velferð þeirra og aðlögun í grunnskóla og eigi fylgja eigi hverju barni yfir í grunnskólann. Krafist er fullrar þagnarskyldu og málsmeðferðar í samræmi við gildandi lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Í rannsókninni voru skilafundi í báðum bæjarfélögum þar sem farið var yfir þá nemendur sem eru að fara úr leikskóla yfir í grunnskóla. Einnig fylgja öll skrifleg gögn með þeim ef barn hefur til dæmis farið í gegnum mat eða greiningar og einnig fara allar niðurstöður úr HLJÓM-prófum sem börnin fara í á síðasta árinu sínu í leikskóla.

Í Andabæ leggja leikskólarnir mikla vinnu í það að gera skýrslu með hverju barni þar sem fram koma upplýsingar um getu þeirra og styrk, veikleika og persónuleika. Eins og áður hefur komið fram fylgdu líka börnunum upplýsingar úr HLJÓM-prófi sem börnin fóru í gegnum. Guðrúna þótti mjög gott að fá að vita hvernig persónuleiki barnanna væri og við hvernig heimilisaðstæður börnin búa við. Leikskólakennararnir í Andabæ voru samt ekki vissir um að öll gögnin sem voru skrifuð hefðu verið lesin og töldu að skoða þurfi hvernig eigi að standa að skilum með hverju barni. Guðrún sagðist samt hafa nýtt sér þá pappíra sem hún hafði fengið og gluggaði í þá ef hún þyrfti að skoða eitt og eitt barn. Í Sunnuskóla sat kennari fyrsta bekkjar ekki fund með leikskólanum heldur fór sérkennslustjóri í grunnskólanum á skilafund. Ef til vill er erfiðara fyrir Nínu að hafa ekki setið fundinn sjálf og fengið upplýsingarnar beint í stað þess að fá þær frá öðrum aðila. Í rannsókn Gerðar G. Óskarsdóttur (2012) kom fram að grunnskólakennurum þótti mjög gagnlegt að fá matslista sem voru útfylltir fyrir hvert barn. Misjafnt var eftir grunnskólum hvernig matlistarnir voru nýttir en í tveimur grunnskólum nýttu kennarar sér listana til þess að skoða ákveðna einstaklinga. Í Baunabæ sátu leikskólakennarar og grunnskólakennari saman á fundi og skiluðu grunnskólakennarar af sér pappírnum með upplýsingum um þau börn sem hafa farið í greiningar eða mat og einnig upplýsingum um niðurstöður úr HLJÓM-prófum frá öllum börnunum sem eru að útskrifast úr leikskólanum. Sagt var frá einstaklingunum en ekki voru skrifaðar skýrslur með hverju barni og sagði Ásta að hún teldi að börnin ættu að fá tækifæri til þess að nýllstilla sig við upphaf grunnskólagöngunnar.

Fanney talaði um að hún hefði tækifæri til þess að heyra í leikskólakennurunum í Baunabæ ef henni vantaði meiri upplýsingar um einhvern einstakling, hún hefði þó fengið greiningarpappíra með þeim börnum sem hefðu farið í greiningar mat og notaði þau töluvert mikið þegar hún væri að vinna með einstaklinginn.

Það eru því ólíkar aðferðir sem notaðar voru þegar upplýsingar fóru á milli leik- og grunnskóla í Andabæ og í Baunabæ. Í Andabæ fengu grunnskólakennarar skýrslu með hverju barni þar sem upplýsingar um gengi þeirra í HLJÓM-prófi og persónuleika kom fram einnig fóru með greiningarpappírar með þeim börnum sem höfðu farið í mat. Í Baunabæ fengu grunnskólakennararnir upplýsingar úr HLJÓM-prófi og einnig greiningarpappíra sem fylgdu þeim börnum sem höfðu farið í mat, annars töldu þau að börnin ættu að fá að koma inn í skólann án þess að það væri búið að gefa skýrslu um það hvernig persónur þau væru.

5.3 Ánægja

Allir viðmælendur í rannsókninni voru almennt ánægðir með það samstarf sem á sér stað í fyrirkomulaginu sem unnið er eftir núna. Flestir voru því sammála að nú hafi verið fundin góður flötur og vildu halda áfram á þessari braut. Skólarnir hittast reglulega og fara yfir það sem gert hefur verið. Ef að eitthvað hefur komið upp hefur það verið rætt og fundin lausn á því vandamáli. Mikilvægt er því að kennarar hittist og ígrundi starf sitt og hafi tækifæri til þess að skapa faglegar umræður til þess að byggja upp það starf sem þarf til þess að skapa samfellu milli leik- og grunnskóla. Þetta kemur heim og saman við þær niðurstöður sem lesa mátti af reynslu kennara á samstarfsverkefninu Á sömu leið þar sem kennarar töluðu um upplifun sína á samstarfinu og hversu mikilvægt það væri að gefa góðan tíma í samstarf; hvort sem það væri samstarf innan skólanna eða á milli skólastiganna (Kristín Norðdahl og Hrafnhildur Eiðsdóttir, 2013). Einnig kemur þetta heim og saman við niðurstöður úr rannsókn Broström (2002) þar sem kennarar voru flestir á því að mikilvægt væri að það haldnir væru fundir.

Þetta sýnir að mikilvægt er að skólastiginni vinni vel saman og gefi sér góðan tíma til þess að skipuleggja samstarfið og finna út hvernig allir aðilar geta verið sáttir með það samstarf sem á að eiga sér stað. Það skiptir líka miklu máli að stjórnendur skólanna séu tilbúnir að gefa kennurum tækifæri til að stuðla að samstarfi. Allir stjórnendur í þátttökuskólunum virtust sammála því að mikilvægt væri að stuðla að samfellu og að gefa starfsfólki sínu leyfi til þess að fara á samráðsfundi. Dockett og Perry tala um að það skipti miklu máli að skólastjórnendur styðji starfsfólk sitt í samstarfinu og að gert sé ráð fyrir þeim tíma sem færi í samstarfið (Dockett og Perry, 2001).

5.4 Framtíðarsýn

Viðmælendur höfðu margar áhugaverðar hugmyndir um framtíðarsýn þeirra á samstarfi milli leik- og grunnskóla. Ein af þeim hugmyndum var að hafa meira flæði á kennurum leik- og grunnskóla. Hægt væri að hafa samstarf á milli skólastiganna þar sem leikskólakennarar gætu fengið tækifæri til þess að fylgja börnunum upp í grunnskólann og verið með þeim út fyrsta bekk og færi síðan aftur í sitt starf í leikskólann eftir þann tíma. Það myndi auka samfelluna til muna samfelluna í námi barna ef aðili sem hefur unnið með börnunum í leikskólanum myndi fylgja þeim upp í grunnskólann. Rætt var um sömu nálgun í rannsókn Broström (2003) sem telur að það vera æskilegt að kennarar fari á milli skólastiganna. Því væri það afar spennandi kostur ef að það væri hægt að láta kennara fara á milli skólastiga. Það verður möguleiki með þeim breytingum sem gera á í námi í leikskólakennarafræðum og yngri barna kennslu í grunnskóla en þeir sem hefja nám nú í haust fá leyfisbréf til þess að kenna á báðum skólastigunum.

Leikskólakennararnir í Andabæ töluðu um það að grunnskólakennararnir mættu koma oftar í heimsókn í leikskólanna og kynna sér það starf sem þar er verið að vinna. Til þess að stuðla að samfellu er mikilvægt að grunnskólakennarar skoði líka þær kennsluáðferðir sem unnið er með þar. Afar áhugavert væri að koma því að hjá þeim grunnskólakennurum sem tóku þátt í rannsókninni því með þessu er hægt að auka samstarf og þekkingu grunnskólakennara á starfi leikskólakennara.

5.5 Hugtakið samfella

Áhugavert var að spyrja viðmælendur hvernig þeir skilgreindu hugtakið samfella. Gerður G. Óskarsdóttir (2012) útskýrði samfellu sem einhvers konar órofnu heild. Að barnið fari úr einum heim í annan þar sem samfellan vísar til þess að þessir tveir heimur séu á einhvern hátt líkir. Viðmælendur sögðu frá því hvernig þeir skilgreindu hugtakið en þar kom í ljós að viðmælendur töldu að samfella væri það þegar börnin fá tækifæri til þess að heimsækja grunnskólann sem það er að fara í, læra að þekkja umhverfið, kynnast starfsfólki skólans og með því verða öruggari. Nína grunnskólakennari í Andabæ, Fanney grunnskólakennari í Baunabæ og Ásta leikskólakennari í Baunabæ sögðu að samfella ætti að vera eðlilegur vaxandi og að það væri ekki of lítið bil og ekki of mikið bil á milli skólastigana. Að samfella ætti að vera að byggja ofan á þá reynslu sem börnin hafa nú þegar. Dewey talar um að skólastarf þurfi að taka mið af reynslu barna, þannig megi tengja þá reynslu sem þau hafa frá heimili og leikskóla yfir í starfið í skólanum (Dewey, 1938/2000).

5.6 Samantekt

Margt hefur komið fram í rannsókn þessari og eru bæði bæjarfélögin að vinna að samstarfi milli leik- og grunnskóla. Aðallega er unnið með að hafa skólaheimsóknir fyrir nemendur í leikskólunum. Í Andabæ fara nemendur í söngstundir á milli haust- og vorskóla þar sem nemendur beggja grunnskólanna og allra fjögurra leikskólanna koma saman. Í Baunabæ byrja skólaheimsóknir í janúar og standa fram í mars. Þar fá nemendur að fara í tvær skólaheimsóknir í litlum hópum og síðan fara nemendur beggja leikskólanna í vorskóla sem stendur yfir í þrjá daga í apríl. Í báðum bæjarfélögum fá nemendur í fyrsta bekk að heimsækja sinn leikskóla. Í Andabæ fara nemendur í litlum hópum í heimsókn í sinn gamla leikskóla þegar haustskólinn stendur yfir og fara síðan aftur í heimsókn þegar vorskólinn er. Í Baunabæ fara nemendur í heimsókn í sinn gamla leikskóla í september og er það eina skiptið sem boðið er upp á heimsókn. Kennarar beggja bæjarfélaganna töldu að leikskólaheimsóknir mættu vera fleiri og þeim fannst að börnin væru farinn að fjarlægjast leikskólann. Það er því kjörið tækifæri fyrir bæjarfélögin að bæta úr því með því að skapa fleiri tækifæri til þess að leyfa nemendum að fara og rifja upp stundirnar sem þau áttu í leikskólanum.

Allir viðmælendur í leik- og grunnskólunum töldu að samstarf milli skóla væri mikilvægt og myndi veita börnunum öryggi við upphaf skólagöngunnar. Þar sem börn fengu tækifæri til þess að kynnast skólaumhverfinu, starfsfólki skólanna og þeim kennsluháttum sem eru í grunnskólanum.

Þrír af viðmælendum í rannsókninni sáu fyrir sér að í framtíðinni mætti vera meira flæði á kennurum í leik- og grunnskólum og að gaman væri að geta farið á milli skólastiga. Með því yrðu nemendurnir ef til vill enn öruggari þar sem með þeim væri aðili sem þau þekktu og treystu. Þetta er áhugaverð hugmynd og gaman væri að sjá hana framkvæmda en þar sem skólastiginni hafa ekki sömu kjarasamninga gæti hún verði efið í framkvæmd. Það væri því eitthvað sem bæta þyrfti úr til þess að hugmyndin gæti orðið að veruleika. Einnig kom fram í umræðunni að fjölga mætti komum grunnskólakennara í leikskólanna.

6 Lokaorð

Það hefur verið mjög fræðandi og skemmtilegt að vinna að gerð þessara rannsóknar. Heilmargt hefur verið lesið og verið áhugavert að fræðast og afla sér upplýsinga um þetta mikilvæga málefni sem samfellan er. Ég tel það afar mikilvægt að börn fái tækifæri til þess að kynnast skólaumhverfinu og fái innsýn í þá starfshætti sem unnið er með í grunnskólanum. Það er því mikilvægt að komið sé á samstarfi milli leik- og grunnskóla í öllum bæjarfélögum til þess að tryggja börnum farsælan flutning milli skólastiga. Við gerð þessa verks hef ég lesið um afar áhugaverð þróunarverkefni sem gerð hafa verið og tel þau styðja vel við kennara sem tekið hafa þátt í þeim. Í þróunarverkefnunum hefur komið í ljós hversu mikilvægt það er að kennarar ígrundi starf sitt, eigi í samræðum við aðra kennara, miðli upplýsingum og um leið efla samstarfið sem á milli skólastiganna á að vera samkvæmt aðalnámskrá og lögum leikskóla og grunnskóla.

Það er í höndum okkar sem störfum í leik- og grunnskólum að tryggja öllum börnum farsælan flutning á milli skólastiga. Því þurfum við að leggja okkur fram við að læra og tileinka okkur alla þá þekkingu sem þróunarverkefni sem unnin hafa verið geta veitt leik- og grunnskólakennurum. Það er alltaf hægt að efla þekkingu sína og verða enn faglegri í starfi. Í framtíðinni vil ég vinna að samstarfi í mínu bæjarfélagi og á eftir að sækjast eftir því að taka þátt í samstarfinu og mun nýta mér þá þekkingu sem ég hef aflað mér í námi mínu.

Það eru margir afar áhugaverðir þættir sem ég tel að megi auka við samstarf milli skólastiga. Það er mikilvægt að haldnir séu reglulegir fundir þar sem kennarar í fyrsta bekk grunnskóla og kennarar sem starfa með elstu börnum í leikskóla hittast þar sem þeir geta rætt saman á faglegan hátt, ígrundað starf sitt og kynnt sér starfshætti hvors annars. Þetta tel ég að myndi auka mjög samfellu í námi barna.

Heimildaskrá

- Alexander, K. L. og Entwisle, D. R. (1998). Facilitating the transition to first grade. The nature of transition and research on factors affecting it. *Elementary School Journal*, 98(4), 351–364.
- Ballam, N., Garpelin, A. og Perry, B. (2017). International Perspectives on the Pedagogies of Educational Transitions. Í N. Ballam, A. Garpelin og B. Perry. (ritstjórar). *Pedagogies of Educational Transitions* (1–12). Sviss: Springer.
- Björk Ólafsdóttir. (2010). *Yfirlit yfir skyldur og ábyrgð skólanefnda samkvæmt lögum um grunnskóla*. Reykjavík: Samband íslenskra sveitarfélaga.
- Bryndís Garðarsdóttir, Guðbjörg Pálsdóttir og Hrafnhildur Eiðsdóttir. (2013). Próun hugmynda kennara um stærðfræðinám og leik. Í Bryndís Garðarsdóttir og Jóhanna Einarsdóttir (ritstjórar), *Á sömu leið* (bls. 37–64). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Bronfenbrenner, U. (1977). Toward an experimental ecology of human development. *American Psychologist*, 32, 513–530.
- Broström, S. (2002). Communication and continuity in transition from kindergarten to school. Í H. Fabian og A.W. Dunlop (ritstjórar), *Transitions in the early years: Debating continuity and progression for children in early education*. (bls.52–63). London: Falmer/Routledge.
- Broström, S. (2003). Transition from kindergarten to school in Denmark: Building bridges. Í S. Broström og J. T. Wagner (ritstjórar), *Early childhood education in five Nordic countries: Perspectives on the transition from preschool to school* (bls. 39–74). Aarhus: Systime academic.
- Broström, S. (2005). *Transition problems and play as transitory activity*. Australian Journal of Early Childhood, 30(3), 17–25.
- Dewey, J. (2000). *Reynsla og menntun*. (Gunnar Ragnarsson þýddi). Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands. (Upphaflega kom verkið út 1910).
- Dockett, S. og Perry, B. (2003). *Children starting school: What should children, parents and school teachers do?* Journal of Australian Research in Early Childhood Education, 10(2), 1–12.
- Dockett, S. og Einarsdóttir, E. (2017). Continuity and Change as Children Start School. Í N. Ballam, A. Garpelin og B. Perry (ritstjórar). *Pedagogies of Educational Transitions* (133–150). Sviss: Springer.
- Dockett, S og Perry, B. (2006). Starting school: Perspectives of Australian children, parents and educators. *Journal of Early Childhood Research*, 2(2), 171–189.

- Dockett, S. og Perry, B. (2007). *Transitions to school: Perceptions, expectations, experiences*. New South Wales, Australia: UNSW Press.
- Dockett, S., Perry, B., Kearney, E., Hampshire, A, Mason, J., og Schmied, V. (2011). *Facilitating children's transition to school from families with complex support needs*. Albury: Research Institute for Professional Practice, Learning and Education, Charles Sturt University.
- Dockett, S., Petriwskyj, A. og Perry, B. (2014). Theorising transition: Shifts and tensions. In B. Perry. S. Dockett og Petriwskyj (Eds.), *Transitions to school: International research. Policy and practice* (bls. 1–18). Dordrecht: Springer.
- Dunlop, A. W., Lee, P., Fee, J., Hughes, A., Grieve, A. og Marwick, H. (2008). *Positive behaviour in the early years: Perceptions of staff, service providers and parents in managing and promoting positive behaviour in early years and early primary setting*. Sótt af: www.gov.scot/Publications/2008/09/12112952/6.
- Fabin, H. (2007). Informing transitions. In A.-W. Dunlop og H. Fabian. *Informing transitions in the early years. Research, policy and practice*. Maidenhead: Open University Press.
- Fthenakis, W. E. (1998). Family transitions and quality in early childhood education. *European Early Childhood Education Research Journal*, 6(1), 5–17.
- Gerður G. Óskarsdóttir. (2012). *Skil skólastiga: Frá leikskóla til grunnskóla og grunnskóla til framhaldsskóla*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Gerður G. Óskarsdóttir. (2014). *Starfshættir við upphaf 21. aldar*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Grétar L. Marinósson. (2004). Etnógráfía í skólum. *Glæður*, 1(14), 34–42
- Griebel, W. og Niesel, R. (2002). Co-constructing transition into kindergarten and school by children, parents and teachers. Í H. Fabian og A. W. Dunlop (ritstjórar), *Transitions in the early years: Debating continuity and progression for children in early education* (bls 64–75). London: Falmer/Routledge.
- Haukur Ingi Jónasson og Helgi Þór Ingason.(2012). *Samskiptafærni -Samskipti, hópar og teymisvinna*. Reykjavík: JPV.
- Helga Jónsdóttir. (2013). Viðtöl í eigindlegum og meginndlegum rannsóknum. Í Sigríður Halldórsdóttir, *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 137–154). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Hellblom, T. og Marwick, H. (2017). Diversity and Pedagogies in Educational Transitions. Í N. Ballam, A. Garpelin og B. Perry (ritstjórar). *Pedagogies of Educational Transitions* (bls.15–30). Sviss: Springer.

- Hellblom, T., Sandberg, G. og Garpelin, A. (2017). Obstacles and Challenges in Gaining Knowledge for Constructing Inclusive Educational Practice: Teachers' Perspectives. Í N. Ballam, A. Garpelin og B. Perry (ritstjórar). *Pedagogies of Educational Transitions* (bls.43–58). Sviss: Springer.
- Holsted, I. (2015). *Continuity of learning: transitions from early childhood services to schools*. Nýja-Sjáland:
- Hrafnhildur Eiðsdóttir. (2013). Í Bryndís Garðarsdóttir og Jóhanna Einarsdóttir (ritstjórar). *Á sömu leið* (bls.151–157). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Hrafnhildur Eiðsdóttir og Kristín Norðdahl. (2013). Í Bryndís Garðarsdóttir og Jóhanna Einarsdóttir (ritstjórar). *Á sömu leið* (bls.165–172). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Hildur Skarphéðinsdóttir. (2013). Aðfaraorð. Í Bryndís Garðarsdóttir og Jóhanna Einarsdóttir (ritstjórar). *Á sömu leið*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir. (2013). Í Bryndís Garðarsdóttir og Jóhanna Einarsdóttir (ritstjórar). *Á sömu leið* (bls.159–164). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Jóhanna Einarsdóttir. (2004a). Frá leikskóla til grunnskóla: aðferðir til að tengja saman skólastigin. *Tímarit um menntarannsóknir*, 1(1), 209–227.
- Jóhanna Einarsdóttir. 2004b). Tvær stefnur - tvenns konar hefðir í kennslu ungra barna. *Uppeldi og menntun*, 13(2), 59–78.
- Jóhanna Einarsdóttir. (2007). *Lítill börn með skólatöskur - tengsl leikskóla og grunnskóla*. Reykjavík: Háskólaútgáfan
- Kagan, S.L. (1991). Moving from here to there: Rethinking continuity and transitions in early care and education. Í B. Spodek og O.N. Saracho (ritstjórar), *Issue in early childhood curriculum. Yearbook in early childhood education* (bls. 132–151). New York: Teachers College Press.
- Kristín Bjarnardóttir. (2002). Gagn og gaman. Sótt af:
http://www.arnastofnun.is/page/ordpistlar_samfella
- Lichtman, M. (2013) *Qualitative research in education: a user's guide*. (3. útg.). London: SAGE.
- Lög um grunnskóla nr. 91/2008
- Lög um leikskóla nr. 90/2008
- McMillan, J.H. (2012). *Education Research. Fundamentals for the consumer*. Boston: Pearson Education.
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti. 2011). *Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti 2011: Greinarsvið 2013*. Reykjavík: Höfundur.

- Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2011). *Aðalnámskrá leikskóla 2011*. Reykjavík: Höfundur.
- Menntamálaráðuneytið. (1997). *Brúum bilið- rit um tengsl leikskóla og grunnskóla*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.
- Noel, A. (2010). Perceptions of school readiness in one Queensland primary school. *Australasian Journal of Early Childhood*,
- Peters, S. (2000). *Multiple perspectives on continuity in early learning and the transition to school*. Erindi á European Early Childhood Research Association Conference, London. Sótt af: <http://eric.ed.gov/?id=ED447916>
- OCED (2006). *Starting Strong II: Early Childhood Education and Care*. Paris: Höfundur.
- OECD (2012). *Starting Strong III: A Quality toolbox for early childhood education and care*. Paris: Höfundur.
- OECD (2017). *Starting Strong V: Transitions from early childhood education and care to primary education*. Paris: Höfundur.
- K. Karlsdóttir & B. Perry. (2017). Í N. Ballern (ritstjóri). *Pedagogies of Educational Transitions* (bls.167–182). Switzerland: Springer International Publishing.
- Peer, C. og Fleer, M. (2014). The theory of belonging: Defining concepts used within belonging, being and becoming: The Australian Early Years Learning Framework. *Educational Philosophy and Theory: Incorporating ACCESS*. 46(8), 914–928.
- Reglur um tilkynningarskyldu nr. 712/2008.
- Peters. S. (2002). Teacher's perspectives of transition. Í Fabian, H. og Dunlop, A. (ritstjórar), *Transitions in the Early Years* (bls. 87-97). London: RoutledgeFalmer.
- Peters, S. (2010). *Literature review: Transition from early childhood education to school*. Report to the Ministry of Education. Wellington: Ministry of Education.
- Petriwskyj, A., Thorpe, K. og Taayler, C. (2014). Towards inclusion: Provision for diversity in the transition to school. *International Journal of Early Years Education*, 22(4), 359–379.
- Rimm-Kaufman, S. E., Pianta, R. og Cox, M.J. (2000). Teachers judgements of problems in the transition to kindergarten, *Early Childhood Research Quarterly*, 15(2), 147–166.
- Sigríður Halldórsdóttir og Sigurlína Davíðsdóttir. (2013). Réttmæti og áreiðanleiki í meginlegum og eigindlegum rannsóknum. Í Sigríður Halldórsdóttir, *Handbók í aðferðafræði* (bls. 211–228). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.

Sigurborg Sturludóttir og Jóanna Einarsdóttir. (2008). Reynsla foreldra af grunnskólabyrjun barna sinna. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Sótt 20. febrúar 2018 af: <http://netla.hi.is/greinar/2008/014/index.htm>.

Sigurður Kristinsson. (2013). Siðfræði rannsókna og siðanefndir. Í Sigríður Halldórsdóttir, *Handbók í aðferðafræði* (bls. 718–8). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.

Vefslóðir fyrir skólanámskrár skólanna kemur ekki fram í heimildaskrá vegna nafnleyndar.

Viðauki A: Kynning á rannsókn og upplýst samþykki

Lokaverkefni mitt til M-Ed. prófs í leikskólakennarafræðum með heimild til yngri barna kennslu í grunnskóla við Menntavísindasvið Háskóla Íslands mun ég rannsaka hvernig er samstarf milli leik- og grunnskóla í tveimur bæjarfélögum á Vesturlandi háttað. Ég mun því skoða námskrár skólanna og taka viðtöl við starfsfólk leik- og grunnskóla í þeim bæjarfélögum sem valdir hafa verið til þess að taka þátt í rannsókninni.

Rannsókn þessi er eigindleg og mun gagna verið aflað með opnum viðtölum við þátttakendur.

Leiðbeinendur mínir eru Kristín Karlsdóttir, lektor við Menntavísindasvið HÍ og Sara Margrét Ólafsdóttir Doktorsnemi við HÍ.

Farið verður með allar þær upplýsingar sem aflað verður sem trúnaðarmál og munu ekki nöfn þátttökuskólanna koma fram né nöfn þeirra þátttakenda sem viðtal verður tekið við. Þegar rannsókn lýkur mun gögnunum verða eytt og verður passað upp á það að enginn annar komist í þau. Þátttakendur geta dregið sig úr þátttöku ef þeim hugnast það.

Rannsókn þessi hefur verið tilkynnt til Persónuverndar.

Með þökk fyrir þátttökuna

Lára Dóra Valdimarsdóttir meistaranemi við HÍ.

Upplýst samþykki

Ég undirrituð samþykki og staðfesti hér með undirskrift minni að taka þátt í rannsókn á því hvernig er samstarf milli leik- og grunnskóla háttað. Ég hef hér með kynnt mér ofangreinda kynningu á rannsókninni og mun treysta því að öll gögn sem safnað verður séu meðhöndluð sem trúnaðarmál.

Viðauki Á: Spurningalisti sem notaður verður til viðmiðunar í viðtölunum

1. Hvernig er samstarfi leik- og grunnskóla háttað?
2. Hvað er gert til þess að stuðla að samfelli milli leik- og grunnskóla Akraneskaupstaðar/ í Borgarnesi?
3. Hverjir koma að samstarfinu?
4. Hverjar eru helstu áherslurnar?
5. Er almenn ánægja með samstarfið?
6. Telur þú að skólaheimsóknir hjálpi börnum þegar skólagangan hefst?
7. Hvernig telur þú að þær aðferðir sem beitt hafa verið til að auka samfelli í námi barna hafi gagnast þeim?
8. Hvernig er upplýsingaflæðið á milli skólastiganna?
9. Fáir þið gögn með öllum börnum við upphaf skólagöngunnar frá leikskólanum eða einungis þeirra barna sem eru með sérþarfir?
10. Fá foreldrar upplýsingar um samstarfið og hvað er gert til þess að stuðla að samstarfi?
11. Telur þú að blanda megi foreldrum meira inn í samstarfið?
12. Er eitthvað sem þú villt breyta í núverandi fyrirkomulagi sem ætlað er að auka samfelli í námi barna?
13. Hver eru framtíðarsýn þín á samstarfi leik- og grunnskóla?
14. Er eitthvað að lokum sem þú villt bæta við?

Að lokum langar mig að vita hvernig skilgreinir þú hugtakið samfella.

Muna

Er það rétt skilið hjá mér = ef mér finnst eitthvað vera óljóst

Hvernig þá?

Getur þú skýrt það nánar?

Getur þú nefnt dæmi um það?